



Heildræn skráning á fornum leiðum á miðhálandinu

Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Á forsíðu er mynd tekin á leiðinni yfir Kjöl. Sólborg Una Pálsdóttir tók myndina.

© 2019 Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Rammaáætlun

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
Afmörkun rannsóknarsvæðis	7
Markmið rannsókna	8
2. Samgöngur til forna	10
Gróðurfar	11
Kortasaga	13
Lög og reglur	16
Samgönguminjar	17
3. Fornar leiðir á miðhálandinu	20
Bárðargata	21
Biskupaleið	23
Eyfirðingavegur / Vatnahjallavegur	25
Kaldidalur	27
Kjölur	29
Sámsvegur	31
Skagfirðingavegur / Stórisandur	32
Sprengisandur	34
Vatnajökulsvegur	36
Leiðir yfir Vatnajökul	38
4. Rannsóknin	40
Skilgreiningar á hugtökum	41
Tilraun til flokkunar	43
Vettvangsvinna	47
Kjalvegur vestri	48
Kjalvegur vestan Hvítárvatns	49
Kjalvegur eystri	50
5. Niðurstöður	53
Heimildir	57



Reiðgötur norðan við Rjúpnafell á leiðinni yfir Kjöl.

1. Inngangur

Samband Íslendinga við hálendið hefur verið breytilegt í aldanna rás og líta menn ólíkum augum á nýtingu þess og nytsemi. Segja má að í hugum ferðamanna sem og Íslendinga sé miðhálendið ósnortin náttúra og auðnir þrátt fyrir að þar séu virkjanir, vegir, skálar og fleiri mannvirki. Á síðustu áratugum hefur hvers kyns útivist aukist mikið innan miðhálendisins og er hluti af lífi fjölda fólks auk ferðaþjónustu landsins. Það þarf ekki að leita langt til þess að finna skipulagðar ferðir um hálendið og flestir eiga að geta fundið ferðir við hæfi, bæði börn og fullorðnir. Upplýsingar um slíkar ferðir eru m.a. á heimasíðunum <http://www.ferdalag.is>, <https://gonguleidir.is/>, <https://www.fi.is/> og <https://www.utivist.is/ferdir-og-dagskra>. Hér eru ótaldir ýmsir gönguhópar, ferðafélög, ferðaskrifstofur og einstaklingar. Hluti af aðdráttaraflinu er kyrrð, einfaldleiki, náttúra og sú upplifun að vera fjarri þéttbýlli svæðum.¹ Síðustu ár og áratugi hefur miðhálendi Íslands verið meira áberandi í samfélagsumræðu, ekki síst vegna hugmynda um verðmæti, víðerni, verndun og nýtingu. Umræða um að hagsmunir ferðaþjónustunnar, ferðamanna og útivistariðkenda séu ekki síður mikilvægir en hagsmunir þeirra sem vilja nýta auðlindir miðhálendisins, verður einnig sífellt háværari. Deilur um Hvalárvirkjun sem hafa verið áberandi síðustu misseri er ágætt dæmi um þessa umræðu.²

Það kom berlega í ljós við vinnu faghóps 1 við 3. áfanga Rammaáætlunar að upplýsingar um minjar á miðhálendinu eru af skornum skammti og erfitt reyndist að leggja

1 Anna Dóra Sæþórsdóttir. 2012: 4

2 Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. 2010: 103

mat á verðmæti svæða og áhrif mögulegra virkjanaframkvæmda á þau.³ Þetta á ekki síður við um áhrif útivistar og ferðamennsku á minjar á miðhálandinu sem hefur aukist ár frá ári. Þetta verkefni sem hér er kynnt er sjálfstætt framhald verkefnisins *Minjar og menningarsögulegt gildi landslags á hálandi Íslands* og unnið fyrir faghóp 1. Niðurstöður þess verkefnis gáfu til kynna að framkvæmdir á miðhálandinu hafi stýrt fornleifarannsóknnum þar síðustu tvo áratugi að stórum hluta og yfirsýn yfir niðurstöður þeirra er verulega ábótavant. Vegna þessarar miklu framkvæmdaslagsíðu hefur stór hluti miðhálandisins orðið út undan, rannsóknarsvæðin brotakennd sem og niðurstöðurnar.⁴

Umfangsmestu minjar á miðhálandinu, sem og á landinu öllu, eru án efa samgönguminjar en í dag er lítið sem ber þessum minjum vitni nema stöku vörðubrot og grónar götur. Samgöngukerfi fyrri alda er gjörólíkt því sem við þekkjum í dag, svæði sem teljast afskekkt voru hugsanlega í alfaraleið og akvegir okkar tíma oftast en ekki fjarri gömlum götum. Samgönguminjar mynda flókið net og ná yfir stór svæði.⁵ Með breyttum samgönguháttum hafa fornar leiðir sem sumar hverjar voru notaðar um aldir jafnvel týnst en þær geyma fjölbreyttar upplýsingar um forn samgöngukerfi, hvernig fólk sigraðist á hindrunum, hvert var farið, hvernig og í hvaða tilgangi svo einhver dæmi séu tekin. Með aukinni ásókn upp á hálandið er brýn þörf á því að kortleggja þessi samgöngukerfi og aðrar minjar, þrátt fyrir gríðarlegt erfiði. Til þess að hægt sé að fjalla markvisst um leiðir, meta vægi þeirra og skrá minjar þeim tengdar þarf að liggja fyrir heildarmynd af leiðakerfinu sem byggir á skráningu, samræmdum skilgreiningum og flokkun. Leiðir eru þess eðlis að þær geta legið mjög víða ef staðhættir leyfa og hafa hvorki skýrt upphaf né endi.

Örfáar fornleifarannsóknir hafa verið gerðar á samgönguminjum hérlendis. Einu sinni hefur verið grafið í götur, svo höfundu sé kunnugt um. Í Skaftártungu voru yfir 30 samhliða götur rannsakaðar, sem fóru undir hraun úr Skaftáreldum. Þær voru þegar byrjaðar að myndast þegar gjóska féll yfir þær á fyrri hluta 12. aldar samkvæmt niðurstöðunum. Líklega lágu göturnar að Veidivötnum en svo gætu þær einnig hafa legið eitthvað allt annað, á stað sem við vitum ekkert um.⁶ Örfáar vörður hafa verið rannsakaðar svo höfundu sé kunnugt um. Á Brúaröræfum var varða rannsökuð, þar sem Háslón er nú. Jarðvegur undir henni gæti verið frá 12. - 13. öld eða mun yngri. Líklega vísaði hún á gangnamannakofa og kláf yfir Sauða skammt frá. Önnur varða fannst óvænt þegar könnunarskurður var tekin í gegnum fornt garðlag í landi Hamra í Reykjadal Suður-Þingeyjarsýslu. Varðan var undir garðlaginu sem var eldra en gjóskulag frá 1158, varðan er því enn eldri.⁷ Jafnframt var grafið í Hallbjarnarvörður fyrr á árum af Matthíasi Þórðarsyni en ekki hafa fundist frekari heimildir um þá rannsókn.⁸ Fornleifarannsókn með uppgreftri var gerð á kláfstaði yfir Sauða sem

3 Birna Lárusdóttir, Edda R.H. Waage o.fl. 2016: 25-40; Sigmundur Einarsson og Þorleifur Einarsson. 2016: 25-26

4 Birna Lárusdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2019: 77

5 Birna Lárusdóttir. 2011: 288

6 Jón Jónsson. 1990: 124

7 Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas. 2005: 12-13; Aldred o.fl. 2007: 14-15

8 Þór Magnússon. 1979: 196

rennur í Jökulsá á Brú. Niðurstöðurnar gefa til kynna að hann sé reistur nokkru fyrir 1875.⁹ Fjölmargar leiðir hafa verið skráðar á síðustu 20 árum, í byggð og á hálendinu. Ekki er vitað til þess að nein þjóðleið og minjar við hana hafi verið skráðar með heildrænum þætti í þessum rannsóknum, flest skráningarverkefni á miðhálendinu eru gerð á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum. Það er einna helst í ferðahandbókum og lýsingum á gönguleiðum sem fornar leiðir hafa verið í forgrunni, í sumum þeirra hefur ómetanlegum fróðleik verið safnað saman.

Fornar samgöngur hafa lítið verið rannsakaðar hérlandis. Athuganir Helga Þorlákssonar voru í fararbroddi undir lok síðustu aldar og bók Veru Roth um fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu er einna nýjust. Nokkar námsritgerðir hafa einnig verið gerðar en það er margt sem hamlar þessum rannsóknum enn líkt og minnst hefur verið á.¹⁰ Það sem einnig hefur staðið í vegi er skortur á hentugri aðferðafræði við öflun gagna og úrvinnslu. Leiðir eru ólíkar flestum öðrum minjum, þær teygja sig yfir stór svæði, jafnvel landshluta á milli og eru ekki staðbundnar. Að auki eru þær oft illgreinilegar og ósýnilegar á köflum og ýmsar ástæður fyrir því að þær hafa ekki verið skráðar með fullnægjandi hætti hingað til.¹¹ Verðmæti þeirra er engu að síður mikið, ekki síst í tengslum við rannsóknir, útivist og ferðapjónustu og hægt er að nýta þær á margvíslegan hátt. Hér mætti sérstaklega horfa til hestaferða, hjóltreida og gönguferða.

Afmörkun rannsóknarsvæðis

Í þessu verkefni verður í meginatriðum stuðst við landsskipulagsstefnu þegar kemur að afmörkun miðhálendisins og þá um leið rannsóknarsvæðisins. Í landsskipulagsstefnu 2015-2016 er afmörkun miðhálendisins skilgreind í greinargerð sem fylgdi tillögu til þingsályktunar (Þingskjal 101/101). Þar segir m.a.: „Í landsskipulagsstefnu er stefna um skipulagsmál á miðhálendinu miðuð við afmörkun miðhálendisins eins og hún er skilgreind í Svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015“.¹² Þetta svæði er talið vera um 40% af flatarmáli landsins, að mestu óbyggt frá landnámi og minna mótað af mannavöldum en láglendari svæði.


Orri Vésteinsson hefur bent á að þessi fyrirfram ákveðnu mörk miðhálendisins henti ekki fyrir skráningu á minjum og landslagi. Línan liggur til að mynda þvert yfir minjasvæði og slítur heildir í sundur á mörgum stöðum. Samgönguminjar eru þar engin undantekning. Í vinnu sinni skilgreindi Orri miðhálendið sem allt land ofan við stöðuga byggð, þ.e. bæi sem voru stöðugri byggð bæði á 18. öld og fyrri hluta 20. aldar. Skilgreining hans er umfangsmeiri

9 Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas. 2005: 17

10 Ágústa Edwald. 2004; Tryggvi Már Ingvarsson. 2001; Kristborg Þórsdóttir. 2008; Guðrún Helga Jónsdóttir. 2016

11 Kristborg Þórsdóttir. 2011: 34, 39

12 Landsskipulagsstefna. 2015



Afmörkun miðhálandisins er sýnd með svartri línu samkvæmt landsskipulagsstefnu. © Landmælingar Íslands.

en núverandi afmörkun og hentar betur til þess að leggja drög að flokkun miðhálandisins.¹³ Bara það eitt að stækka svæðið gæti t.d. gefið heildstæðari mynd af fjallvegum, samgöngum og tengslum niður á láglendari svæði. Af þeim sökum verður hér mögulega farið út fyrir mörk miðhálandisins í einhverjum tilvikum.

Markmið rannsóknar

Fyrri markmið þessa verkefnis er söfnun gagna um fornar ferðaleiðir á miðhálandinu. Lögð verður áhersla á að safna gögnum um eftirfarandi leiðir: Bárðargötu, Sprengisand, Kjöl, Biskupaleið, Sámsveg, Vatnajökulsveg, Skagfirðingaveg/Stórasand, Eyfirðingaveg, Kaldadal og leiðir yfir Vatnajökul. Stutt lýsing verður gerð á hverri leið þar sem koma fram helstu heimildir um leiðirnar, hvenær þær voru í notkun, áreiðanleika hnitsetningar, rannsóknarstöðu og líklegt ástand í dag. Síðara markmiðið er skráning leiða í landupplýsingakerfi eftir lýsingum heimilda og þeim vísbendingum sem skráðar fornminjar gefa okkur. Dönsku herforingjaráðskortin, kort Daniel Bruun frá upphafi 20. aldar auk Sýslu- og sóknarlýsinga eru þar til grundvallar. Að auki verða færðar inn upplýsingar af öðrum kortum og örnefnaskrár er þörf þykir. Auk þess var ein leið skráð á vettvangi en

13 Orri Vésteinsson. 1996: 10.

Það var Kjalvegur eystri. Ástæða þess að leiðin varð fyrir valinu er tvíþætt. Annars vegar var það slæm staða á skráningu leiðarinnar og minjum við hana sem var notuð hérlandis um aldir. Hins vegar var það gott aðgengi að leiðinni og hversu fáar landfræðilegar hindranir eru þar að finna.

Skýrslan samanstendur af fimm köflum. Í kafla tvö er sjónum beint að miðhálendinu og samgöngum þar í gegnum tíðina. Í þriðja kafla er almenn umfjöllun um leiðirnar sem voru teknar til skoðunar. Í fjórða kafla er farið yfir aðferðafræði þessa verkefnis og rannsóknina í texta og kortum. Í þeim fimmta er þ lokum gerð grein fyrir niðurstöðunum. Aftast eru síðan heimildaskrár og kort. Sólborgu Unu Pálsdóttur Héraðsskjalaverði Skagfirðinga, Gísla Pálssyni fornleifafræðingi og starfsfólki Fornleifastofnunar eru færðar þakkir fyrir gagnaöflun og kærkomna hjálp.



Íslandskort Daniel Bruun var gefið út árið 1913. Á því eru allir helstu fjallvegir sem voru í notkun undir lok 19. aldar og áningarstaðir við þær sýndir. © www.islandskort.is

2. Samgöngur til forna

Frá upphafi byggðar hérlandis hafa leiðir manna legið um miðhálandið. Það gengdi án efa mikilvægu hlutverki sem stysta leið á milli landshluta. Ekki er vitað hvenær fyrstu skipulögðu leiðirnar á miðhálandinu komu til sögunnar. Í Landnámu eru t.d. frásagnir um ferðalög á fyrstu áratugum byggðar inn á miðhálandið. Ein þekktasta frásögnin er um Skagfirðingana Röðrek, Vékel og Rönguð sem fóru hver öðrum lengra til suðurs, inn á miðhálandið. Sagnir segja að með þessu hafi verið lagður grunnur að ferðum yfir Kjöl sem um leið varð fyrsti nafnkunni fjallvegurinn. Í Hrafnkels sögu Freysgoða er lýsing á smalamennsku á Vesturöræfum og elstu heimildir um Sprengisandsleið er að finna í Njálu.¹⁴ Það er ekki hægt að taka þessar sagnir bókstaflega en þær fela í sér vitneskju um landkönnun sem hlýtur að hafa átt sér stað. Fólk hefur ferðast um landið allt frá upphafi byggðar og götur lágu til ýmissa staða sem þurfti að jafnaði að ferðast til. Þær lágu milli bæja, til kirkna, selja, stekkjja,

14 Birna Lárusdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2019: 13-14, 20-19; Landnáma: 230-32, 273-274; Hrafnkels saga Freysgoða. 1971: 17-21; Brennu-Njáls saga. 1954: 428

kaupstaða og verstöðva, svo einhver dæmi sé tekin. Án efa hafa einhverjir fjallvegir týnst, landslag og gróðurfar breyst, nýttar fallið niður og valdamiðstöðvar í einhverjum tilfellum færst til. Sé tekið mið af tiltækum heimildum eru ástæður fjallferða fyrst og fremst pólitískar, tengdar fiskveiðum, kaupstöðum og leitum.¹⁵

Fram undir aldamótin 1900 höfðu samgönguhættir hérlandis lítið sem ekkert breyst um aldir. Farið var fótgangandi eða á hesti milli staða og varningur fluttur í lestarferðum. Litlar samgöngubætur voru til staðar, ár og lækir voru óbrúuð að mestu og einungis ferjur á stærstu vatnsföllum sé tekið mið af rituðum heimildum. Samgönguhættirnir höfðu einnig áhrif á hvernig Íslendingar ferðuðust um landið, hvar og hvert var farið, staðsetningu valdamiðstöðva og bæja svo einhver dæmi sé tekin.¹⁶ Til eru ritaðar lýsingar á mörgum leiðum, þar með talið yfir miðhálandið, og gefa þær góða hugmynd um legu þeirra og helstu kennileiti sem stuðst var við. Flestar eru þær frá 19. - 20. öld. En þegar komið er á vettvang kemur í ljós að heimildum og raunveruleika ber ekki alltaf saman. Fólk hefur ekki haldið sig við sömu götuna, þær klofna t.d. sín hvoru megin við fjöll og aðrar ófærur og stundum án ástæðu. Hvað réði þessu er ekki vitað en veðurfar, ferðamáti og smekkur gæti hafa skipt máli. Annað vandamál er sýnileiki, leiðir hverfa t.d. í mýrar, sanda eða gróa upp. Ekki er heldur skýr munur á slóðum eftir dýr og menn, minjarnar og ummerkin eru samskonar sem getur valdið vandkvæðum þegar leiðir án heimilda eru raktar. Stundum er greinilegt að leiðir hafa verið fjölfarnar, margar götur sjást liggja saman meðan aðrar eru umfangsminni. Engar kenningar hafa verið settar fram um hversu mikil umferð þarf að vera til þess að mynda slíka paldra en líklega þurfa margir að hafa ferðast samhliða til þess og nægilega oft til þess að leiðirnar grói ekki upp.¹⁷ Einföld lína á korti er því ekki endilega sannleikurinn þegar kemur að fornum samgöngum, leiðir eru síbreytilegar og lifandi minjar með óvísst upphaf og endi.

Gróðurfar

Ferðalög tóku að öllum líkindum mið af haglendi og gróðurfari allt frá landnámsöld. Líklega hefur stór hluti miðhálandisins verið gróðursnauður fyrir landnám en einnig er talið að umfangsmikil svæði hafi blásið þar upp.¹⁸ Vitað er að gróðurfar og jarðvegseyðing hefur tekið miklum breytingum frá landnámi hérlandis og flestir fræðimenn eru sammála um að um helmingur af gróðurlendi landsins hafi horfið á síðustu 1100 árum. Veðurfar fór kólnandi frá ofanverðri 13. öld og hélst fremur kalt allt fram undir aldamótin 1900, þetta skeið er stundum nefnt „Litla ísöld“. Umhverfisbreytingarnar virðast einna mestar á árunum 1200-1500 og eru þær raktar beint til mannvistaráhrifa og kólnandi loftslags. Þessi

15 Orri Vésteinsson. 1996: 35-38; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 27

16 Kristborg Þórsdóttir. 2008: 34, 38

17 Birna Lárusdóttir. 2011: 299-301

18 Margrét Hallsdóttir, 1987; Orri Vésteinsson. 1996: 18; Ólafur Arnalds o.fl. 1997: 14

þróun er nokkuð vel þekkt og hefur verið rannsökuð með frjókornagreiningu í jarðvegi. Rannsóknir hafa einnig sýnt að búseta raskaði jafnvægi á milli viðkvæms gróðurs, óblíðra vaxtarskilyrða hans og veikrar jarðvegsgerðar.¹⁹

Gróðurfar skipti miklu máli þegar ferðast var yfir miðhálandið og gerði samgöngur eflaust sjálfsagðari og auðveldari en síðar varð. Ferðir um fjallvegi og á milli jökla voru mögulega auðveldari meðan þar voru bithagar.²⁰ Til eru heimildir um ferðir manna yfir Vatnajökul, jafnvel árvissar, á nokkrum stöðum fram undir 1600. Útræði frá Mýrum og í Suðursveit á vetrarvertíð dró Norðlendinga suður yfir jökul og til baka, verstöðin við Hálsahöfn er til marks um það. Því er hægt að álykta að þekking á óbyggðum, öræfum og jöklum miðhálandisins hafi verið önnur og meiri framan af en síðar varð. Á sama tíma og ferðir yfir Vatnajökul leggjast að öllum líkindum af, fækkar ferðum yfir miðhálandið og mögulega þeim leiðum sem voru notaðar.²¹

Haraldur Matthíasson telur engan vafa að þegar á landnámsöld hafi allir helstu fjallvegir verið í notkun sem síðar voru farnir svo öldum skiptir og telur helstu rökin þau að menn úr öllum héruðum hafi riðið til Alþingis.²² Líklega var þetta ekki svo einfalt og þróun á samgöngukerfi tók eflaust lengri tíma, sérstaklega þegar horft er til íslenska hestsins og hlutverki hans sem hlýtur að hafa verið stórt. Í fyrsta lagi er hæpið að mikil hrossaeign hafi verið almenn snemma á landnámsöld, sjóflutningar settu vissulega skorður á það magn af búfénaði sem hægt var að flytja til landsins. Engu að síður hefur hrossastofninn eflaust vaxið hratt með aukinni ræktun og skógarhöggi. Í öðru lagi má ætla að hestar hafi ekki hentað eins vel þegar landið var kjarrivaxið og mögulegt er að bátar hafi fremur verið nýttir líkt og þekkt var m.a. í Noregi. Í þriðja lagi þekktust skeifur ekki hérlandis við upphaf byggðar. Leiðir sem eru mjúkar undir fót hafa eflaust verið valdar frekar en torfærur. Á þeim tíma þekktust einfaldir ísbroddar sem settir voru framan á hófa ferðahesta að vetrarlagi en skeifur koma til sögunnar á 11. - 12. öld og eflaust ekki almenn eign framan af. Það er ekki fyrr en á 15. öld sem skeifunotkun verður algengari og má rekja það til verslunar Íslendinga við Englendinga.²³ Þessi þrjú atriði hafa án efa skipt miklu máli við val á leiðum þegar veðurfar var hlýrra og kannski voru leiðir yfir miðhálandið ekki jafn torfærar og nú. Þetta hefur ekki verið rannsakað enn sem komið er að neinu marki en veitir áhugaverða innsýn í nýtingu á hestum, meðferð þeirra og mikilvægi. Það gefur einnig auga leið að haglandi hefur líka skipt gríðarlegu máli.

19 Gunnar Karlsson. 2009; Þorleifur Einarsson 1962; Dugmore o.fl. 2009; Margrét Hallsdóttir 1987; Egill Erlendsson og Kevin J. Edwards. 2010: 29; 48-49; Andrés Arnalds. 1988a: 13 og Friðrik G. Olgeirsson. 2007: 2

20 Hjörleifur Guttormsson. 2011: 115-119

21 Sigurður Þórarinnsson. 1946: 412-417

22 Haraldur Matthíasson. 1963: 64

23 Jón Árni Friðjónsson. 2005: 49, 52-53, 64-65, 67; Sólborg Una Pálsdóttir. 2008: 7-8

Kortasaga

Kortasaga Íslands skiptir máli þegar horft er til ferðaleiða yfir miðhálandið og ekki eru liðnir margir áratugir síðan lokið var við kortlagningu landsins í fyrsta sinn. Fram að þeim tíma voru einungis til ófullkomin kort auk þess sem þekkingin lifði mann fram af manni í gegnum frásagnir og örnefni. Segja má að örnefni hafi verið GPS-tæki og landakort landsmanna, áður en landið var kortlagt. Eins og Orri Vésteinsson hefur bent á sýnir þróun Íslandskorta frá 16. - 19. öld okkur hluta af tilraunum Íslendinga sem og annarra til að átta sig betur á umhverfi sínu og færa sig í átt til traustara yfirlits af landinu. Breyting í átt að raunhæfari mynd af miðhálandinu sem og Íslandi öllu varð smátt og smátt og fólk gerði sér grein fyrir fyrir að það vantaði svæðið í miðjunni, milli byggðra svæða á láglendi og dala, á kortin. Þessi uppgötvun var gerð skömmu fyrir 1700 og á 18. öld var fyllt upp í þetta gat með kennileitum á þeim kortum sem voru gerð.²⁴


Á elstu kortunum sem byggja á raunverulegum athugunum og þekkingu er yfirleitt ekki mikið sýnt af miðhálandinu. Það má segja að það sé engin miðja í landinu, bara fjöll sem skilja milli landshluta. Á heimskorti Orteliusar (byggt á korti Guðbrands Þorlákssonar) frá 1585 er t.d. samfelld jöklaröð eftir landinu endilöngu. Á korti Joris Carolus frá 1631 hefur hálandið tútnað út og nokkur fjöll bæst við. Hið sama má segja um kort Resens frá 1666, talsvert af fjöllum suður af Skagafirði hafa bæst á kortið en þó sérstaklega á austurhálandinu. Á korti Þórðar Þorlákssonar frá 1668 fer ekki mikið fyrir miðhálandinu en þar koma fyrir nokkur örnefni í fyrsta sinn. Það eru t.d. Herðubreið, Sprengisandur, Fiskwotn í Bárðardal og Fiski wotn sem nú kallast Veidivötn á Landmannaafretti. Örnefnin eru flest á fjöllum sem sjást úr byggð eða á stöðum við helstu fjallvegi landsins. Á endurskoðuðu korti frá 1670 var bætt við fjöllum á miðhálandinu en örnefnin eru hin sömu. Lítið sem ekkert er vitað um örnefni á miðhálandinu fyrir siðaskipti en gera má ráð fyrir að þau hafi verið fleiri en sýnd eru á kortinu.²⁵

Á árunum 1723-1733 voru gerð kort af einstökum sýslum og landshlutum að frumkvæði Dana, Knoffs-kortin. Þau sýna meiri smáatriði en fyrri kort og eru betri heimild um byggða bæi og innbyrðis afstöðu þeirra, samgöngur og hlunnindi. Á kortunum eru dregin skýr skil milli byggða og hálendis, helstu fjallvegir eru sýndir en að öðru leyti er miðhálandið kennileitalaust. Á grunni landshlutakortanna var gert yfirlitskort af Íslandi árið 1734. Þar eru allir helstu jöklar aðskildir og nánast á réttum stöðum, stór fjöll líkt og Dyngjufjöll í Ódádahrauni eru sýnd og upptök vatnsfalla að mestu rétt. Þar er að finna helstu fjallvegi og tjöld á áningarstöðum við Blönduvað, í Hvítárnesi og við Arnarvatn á Arnarvatnsheiði. Þetta bendir til raunverulegrar þekkingar á landslagi á miðhálandinu á 18. öld.²⁶ Jafnframt gefur það okkur innsýn inn í ferðalög og útbúnað þessa tíma.

24 Orri Vésteinsson. 1996: 14,17; Ágúst Böðvarsson. 1996: 11

25 Orri Vésteinsson. 1996: 14-15 ; Hjörleifur Guttormsson. 2011: 115-119

26 Orri Vésteinsson. 1996: 16



Knoffs-kortin sýna m.a. helstu ferðaleiðir yfir miðhálandið líkt og Kjöl, Sprenigsand og Kaldadal. © www.islandskort.is

Á árunum 1792-95 gerði Sveinn Pálsson sérstök kort af helstu jöklum landsins og þar sjást ýmis örnefni í fyrsta sinn á miðhálandinu. Í ævisögu hans kemur einnig fram staðfesting þess að bændur hafi kunnað mun betri skil á kennileitum og örnefnum á miðhálandinu en þeir fræðimenn sem þar fóru um. Hann vísar m.a. í föður sinn sem gjörþekkti Kjöl og gat leiðbeint um öll vegamerki.²⁷ Þessir menn eru kallaðir Fjallmenn í bók Sveins. Þetta gefur til kynna að alltaf hafi verið til fólk sem þekkti miðhálandið og samgöngur verið þar yfir en þekkingin hafi ekki náð til þeirra sem gerðu kortin eða skrifuðu ferðabækur.

Það var ekki fyrr en með þríhyrningamælingum Björns Gunnlaugssonar umhverfis landið í upphafi 19. aldar sem nákvæmari og raunhæfari kort en áður höfðu þekkst koma til sögunnar. Íslandskort hans sem kom út 1844 er mun nákvæmara en eldri kort, bæði hvað varðar hlutföll, lögun og staðsetningu sem og fjölda örnefna. Kortin eru engu að síður barn síns tíma en sýna að þekking kortagerðarmanna eykst sífellt.²⁸ Jarðfræðiuppdráttur Þorvaldar Thoroddssen kom út árið 1901 og veitti byltingarkennda sýn á landið ekki síst vegna mikillar nákvæmni. Með nýjum uppdrætti sem Daniel Bruun gerði af landinu og kom út árið 1913 eru flestir fjallvegir ásamt helstu áningarstöðum sem þá voru í notkun eða

27 Nørlund, 1944: 23, 30-31, 38, 42; Orri Vésteinsson. 1996: 14-15; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 34; Sveinn Pálsson. 1929: 28

28 Nørlund, 1944: 52, 54; Orri Vésteinsson. 1996: 15-16

taldir hentugir sýndir.

Kortlagningu Íslands lauk um miðja 20. öld með gerð dönsku herforingjaráðskortanna. Gerð þeirra má skipta í tvö megin tímabil, fyrri áfanginn var frá aldamótum til 1914 og sá seinni milli heimsstyrjaldanna tveggja. Um miðja öldina, í kjölfar herforingjaráðskortanna, breyttust hugmyndirnar enn frekar. Íslendingar eignuðust bifreiðar sem komust upp á hálendið og sögur voru sagðar af landvinningum. Það var ekki fyrr en eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar sem ferðamenn fóru að fara í skemmtiferðir inn á hálendið en síðan þá hafa fleiri og fleiri lagt leið sína þangað.²⁹

Örnefni sem eru varðveitt í minni og tungumáli eru minjar um athafnir fyrri kynslóða. Örnefni veita með þeim hætti mikilvægar upplýsingar um samgöngur. Góð dæmi eru heiti eins og Áfangagil, Leggjabrjótur, Gatnatorfa og Búðarháls.³⁰ Með tímanum fengu leiðirnar yfir miðhálendið heiti, sum tengjast fólki sem þar fór um líkt og Skagfirðingavegur og Eyfirðingavegur meðan önnur draga nöfn af landslagi líkt og Kaldidalur og Sprengisandur. Þegar herforingjaráðskort, örnefnaskrár, ýmsir kortagrunnar og aðrar heimildir sem tengjast fjárleitum eru skoðuð koma fyrir örnefni sem eru vel þess virði að skoða betur með tilliti til samgangna. Örnefni sem enda á *-ver* og *-tungur* benda til gróðurs og þar eru oft heimildir um minjar á miðhálendinu. Við Kjöl eru t.d. örnefnin Miðver og Fremstaver, Gnúpdælavað er á Skagfirðingavegi og svo mætti lengi telja. Örnefnið Þrívörður þekkist einnig á alfaraleiðum á miðhálendinu og er mögulega vísbending um forn landamerki, svokallaðir Lýrittar. Óhjákvæmilega vakna því upp spurningar um svæði sem nú eru í óbyggðum og hvort þau hafi verið í byggð áður en veðurfar fór kólnandi.³¹ Þetta væri áhugavert að skoða á svæðum þar sem byggð teygir sig inn í miðhálendið.



Grettishellir er á leiðinni yfir Kjöl og dregur nafn sitt af Gretti Ásmundarsyni.

Trú á útilegumenn, drauga og aðrar forynjur hafði án efa áhrif á ferðalög fólks á miðhálendinu. Þar er að finna örnefni eins og Trölladyngja, Víti og Draugabrekka. Þessi sterka þjóðtrú sem virðist hafa verið hér um aldir og örnefni henni tengd gefa vísbendingar um ferðalög og mögulegar nytjar. Fjöll og landslag fær ekki heiti nema að fólk komi á staðinn og fari þar um. Sögur og átrúnaður á

29 Ágúst Böðvarsson. 1996: 11; Nørlund, 1944: 68-69; Anna Dóra Sæþórsdóttir. 2012: 7; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 10, 38

30 Helgi Sigurðsson. 1886: 307; Rúna Tetzschner. 2006: 17

31 Páll Pálsson. 2006: 29-30

útilegumenn eru þó fyrst og fremst heimild um það hversu gríðarleg tók útilegumenn höfðu á ímyndunarafli þjóðarinnar.³²

Lög og reglur

Í Grágás er ekki mikið fjallað um samgöngur, hver bar ábyrgð á framkvæmd þeirra né mannvirkjum þeim tengdum. Víkið er að ferjum og brúm og tekið fram að hlið þurfi að vera á garðlögum í þjóðbraut. Ákvæði eru í tíundarlögum um sálugjafir sem gátu runnið til sæluskipa (sálubáta) sem voru ferjur kostaðar af eigendum kirkna. Sælubú voru jarðir með þeim kvöðum að veita ferðalöngum gistingu, mat og fæði eftir atvikum. Sáluhús (sæluhús) voru að öllum líkindum af sama meði, hús fyrir ferðamenn sem voru reist fyrir og haldið við af sálugjöfum en þeirra er ekki getið í lagabálkum.³³ Í Jónsbók frá 1281 eru komnar nákvæmari lýsingar á vegagerð. Þar kemur fram að þjóðgötur eigi að liggja þar sem þær hafa legið að fornu en þurfi að færa götu eigi hún að vera fimm álna breið og bæta þurfi allan skaða liggi hún yfir tún og engi. Einnig eru ákvæði um brúargerð og ferjur.³⁴ Með réttarbót árið 1294 varð hverjum bónda skylt að gera vegi um „þver héruð og endilöng, þar sem mestur er almannavegur, eftir ráði sýslumanna og lögmanna.“³⁵ Hvergi er víkið að vegum í byggð eða „óbyggðum“ né hægt að gera sér grein fyrir samgöngukerfum hérlendis. Samgöngumannvirki voru óneitanlega til staðar á þessum tíma en ekki vitað í hve miklum mæli, hver stóð að þeim eða viðhél. Á nokkrum stöðum er minnst á samgöngumannvirki í fornritum og annálum. Sandhólaferju við Þjórsá er m.a. getið í Landnámu og til er til bréf um ferjuhald á Ölfusá frá því um 1200. Samkvæmt Sturlugu var brú yfir Hvítá hjá Hurðarbaki og í Íslandslýsingu Odds Einarssonar biskups er minnst á eina trébrú og kláfferju síðla á 16. öld, líklega við Jökulsá Fjöllum.³⁶

Árið 1770 var það eitt af verkefnum Landsnefndarinnar svokölluðu að huga að úrbótum á íslensku samgöngukerfi, m.a. að rannsaka forna fjallvegi og hvaða úrbætur þyrfti til að gera þá nothæfa og raunhæfa. Lagt var til að Bárðargata, Vatnajökulsvegur, Kjölur, Vatnahjalli, Sprengisandur og Fjallabaksleið syðri yrðu skoðuð í þeim tilgangi. Lítið varð úr þeim áformum en farið var um Sprengisand árið 1772 í tilraunaskyni. Niðurstaðan var sú að óraunhæft væri að leggja fjallvegi milli landshluta og lagt til að þeir yrðu kannaðir enn frekar.³⁷ Í tilskipun Landsnefndarinnar árið 1776 er kveðið á um úrbætur í samgöngumálum hérlendis, m.a. byggingu sæluhúsa og í þeim átti að vera hey og eldiviður. Einnig var lagt upp með að sem flestir fjallvegir ættu að vera varðaðir. Vegagerð bar íbúum að vinna

32 Orri Vésteinsson. 1996: 47

33 Grágás. 1992: 35, 313-315; Hjalti Hugason. 2000: 346

34 Jónsbók. 1904: 173-175

35 Jónsbók. 1904: 286

36 Sturlunga. 1988: 453, 495; Oddur Einarsson. 1971: 56; Landnáma: 352; DI I: 320

37 Haraldur Matthíasson. 1963: 14-15; Páll Sigurðsson. 1994: 13-14

endurgjaldslaust og sýslumenn áttu að framfylgja tilskipuninni.³⁸ Ekki er vitað hvort að þessari tilskipun var fylgt en greinilegt er að einhverra úrbóta var þörf á þessum tíma.

Árið 1831 var Fjallvegafélagið stofnað að frumkvæði Bjarna Thorarensen, síðar amtmanns og starfaði það í átta ár. Markmið félagsins var að auðvelda ferðalög og flutninga milli héraða og landshluta með því að ryðja götur, byggja sæluhús og hlaða vörður á hálendinu. Fór þetta vel af stað og þegar um sumarið 1831 var reist sæluhús í Fornahvammi og hlaðnar um 100 vörður á leiðinni yfir Holtavörðuheidi. Einnig var tekið til við að ryðja veg og hlaða vörður á Stórasandi. Á næstu árum var leiðin um Vatnahjalla rudd og merkt með vörðum, vegir lagfærðir um Sprengisand, Grímstunguheidi og víðar.³⁹ Félagið starfaði einungis í átta ár eða svo.

Samgöngumál urðu aftur áberandi um aldamótin 1900. Árið 1897 kom Daniel Bruun hingað til lands og ferðaðist víða í því skyni að rannsaka eyðibýli og fleira. Hann var fenginn til að kanna vegastæði á nokkrum hálendisleiðum í ferðum sínum. Í framhaldi af því var Kjölur merktur og varðaður sumrin 1898 og 1899 og Sprengisandur, úr Bárðardal og suður fyrir Kiðagil, var varðaður sumarið 1901. Á næstu árum var verkinu haldið áfram og lokið við það sumarið 1906 í Gnúpverjahreppi. Í framhaldi af þessum samgöngubótum á helstu hálendisvegum tóku menn víða að lagfæra vegi um fjöll og heiðar milli byggða, laga gamlar vörður og hlaða upp nýjar. Síðasta skipulagða stórátakið sem gert var í því að hlaða vörður á hálendisleiðum var árið 1922. Þá var reist sæluhús á Hveravöllum og Kjölur varðaður að nýju.⁴⁰

Samgönguminjar

Leiðir eru vissulega huglæg fyrirbæri og miðað við umfang þeirra er lítill hluti þeirra manngerður. Hverskonar minjar eru heimildir um samgöngur? Við fyrstu sýn virðast þær fátæklegar, stöku varða á stangli og óljósar götur. En við nánari skoðun er þetta fjölbreyttur minjaflokkur, m.a. vörður, upphlaðnir og ruddir vegir, götur, brýr, áningarstaðir, ferjustaðir, tjaldstaðir, vöð og sæluhús. En vegna þess hversu brotakenndar þessar minjar eru verða þær sjaldan mjög sýnilegar og falla inn í landslagið. Í einhverjum tilvikum eru þetta heldur ekki sjáanlegar minjar líkt og vöð og ferjustaðir. Minjarnar eru í sumum tilvikum óhlutbundnar og í þeim tilvikum er það oftast en ekki menningarleg tenging sem skiptir höfuðmáli. Þar hafa mögulega átt sér stað endurteknir atburðir, unnin ákveðin verk eða þeim fylgir þjóðtrú. Ýmsar minjar eru í þessum flokki, líkt og tjaldstæði, náttstaðir og áningarstaðir.⁴¹ Á miðhálendinu eru það einkum vörður, götur og sæluhús sem bera samgöngum vitni.

38 Lovsamling for Island 4: 268; Páll Sigurðsson. 1994: 15-16

39 Páll Sigurðsson. 1994: 29, 34-47

40 Arnór Karlsson. 2001: 36-38; Indriði G. Þorsteinsson. 1958: 240-250; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 331; Jón R. Hjálmarsson. 1995: 6-7

41 Kristborg Þórsdóttir. 2011: 43

Ekki er mikið vitað um samgöngubætur til forna, hversu almennar þær voru eða í hverju þær fólust. Á fyrstu öldum byggðar hérlandis má ætla að einföld mannvirki hafi verið gerð líkt og smábrýr yfir ár og læki, ferjur yfir vatnsföll og ruddir vegslóðar en fáar heimildir hafa varðveist um þessi mannvirki sem líklega voru flest í byggð.⁴² Hérlandis hafa vörður verið vegvísar um langan aldur og eru án efa algengustu samgönguminjar á miðhálandinu. Til þess að varða leið þurfti þekkingu sem aðeins er hægt að öðlast á staðnum. Það þarf t.d. að krækja fyrir mýrar, finna vöð á fljótum, sneiða fram hjá ófærum, elta haga og drykkjarvatn. Ekki er víst að þjóðleiðir hafi verið varðaðar í heild sinni snemma, mögulega var sett varða á stöku stað til að vísa á vöð eða áttir. Þetta hefur ekki verið kannað til hlítar, þ.e. hvernig leiðir voru varðaðar og hvort við getum greint aldur þeirra. Það er erfitt að aldursgreina vörðu, oft eru þær á berangri og lítill gróður nærri. Á Stórasandi er t.d. langt á milli varða á sandinum, þær standa á hæðum eða öldum og gott skyggja þarf til þess að sjá á milli þeirra. Á yngri leiðum er stutt á milli varða og það átti að sjást á milli þeirra líkt og á Kili.⁴³

Vörður eru margvíslegar að gerð, stærð og lögun. Sumar eru einfaldar og helst gerðar með þeim hætti að setja einn stein upp á annan og síðan koll af kolli. Aðrar eru umfangsmeiri, mörgum steinum raðað saman í þyrpingu, helst hellusteinum, síðan hverju steinalaginu ofan á annað, þar til komin var myndarleg varða. Slíkar vandlega hlaðnar vörður gátu staðið um tugi ára, án þess að haggast, og jafnvel öld fram af öld. Á sumum hverjum eru innbyggðir stefnuvísar. Einn steinn stendur út úr þeim og bendir á næstu vörðu. Önnur gerð vegvísar eru göt sem eru notuð voru til þess að miða úr frá.⁴⁴ Algera sérstöðu hafa beinakerlingar, vörður sem víða má finna við forna alfaravegi. Bæði voru þær vegvísar og höfðu skemmtanagildi en vísun eða skilaboðum var stungið þar inn í beinleggi fyrir aðra vegfarendur. Elstu

vísurnar sem enn þekkjast eru frá lokum 17. aldar sem gefur til kynna að einhverjar alfaraleiðir hafi verið varðaðar á þeim tíma. Á Sprengisandi, virðast elstu vörðurnar vera á erfiðasta hluta leiðarinnar, á svokölluðum Spengi, og þar er jafnframt beinakerling. Í dag eru vörður t.d. með gestabókum af svipuðum toga. Jafnframt eru víða „dysjar“ eða hrúgur við alfaraleiðir sem fólk kastaði steinum í eða hlóð



Ef vel er að gáð sést gat í gegnum vörðuna, neðst í hægra horni. Dúfunesfell við Kjöl er í forgrunni til hægri.

42 Birna Lárusdóttir. 2001: 303-304

43 Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 220; Helgi Hallgrímsson. 2011: 29

44 Jón R. Hjálmsón. 1995: 6; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 227

vörðubrot sér til fararheilla.⁴⁵

Sæluhús eru oftast en ekki við fjallvegi og notuð af ferðalöngum. Nátengdar minjar eru gangnamannakofar og oft eru þessu mannvirki nýtt bæði af gangna- og ferðamönnum. Oft hafa hellisskútar og önnur náttúruleg skjól einnig verið nýtt. Fornar heimildir eru fáorðar um sæluhús og ekki er vitað hversu almenn þau voru. Það er minnst á sæluhús í Sturlungu, líklega á Hveravöllum, og í Grettis sögu.⁴⁶ Það er vitað að sæluhús voru í notkun á 17. - 18. öld en heimildir eru næsta fáorðar þar á milli. Elsta sæluhúsið sem þekkt er úr öðrum ritheimildum er ekki á miðhálandinu heldur á Hellisheiði. Þess er getið í lýsingu Ölfuss 1703 og notað allt fram til ársins 1844. Grafið var í þessa tóft árið 1958 en hún virðist ekki hafa verið aldursgreind.⁴⁷ Árið 1720 lést Jón Vídalín biskup í sæluhúsi á leiðinni yfir Kaldadal. Sæluhúsið sem Jón lést í er að öllum líkindum mun eldra, örnefni þar í kring eru kennd við sæluhúsið.⁴⁸ Í Ferðabók Eggerts og Bjarna sem rituð er um miðja 18. öld segir að Íslendingar hafi glatað öllu sambandi á milli landsfjórðunga og um leið kynnum hver af öðrum. Eggert og Bjarni töldu helstu ástæðu þessa vera skort á sæluhúsum og öðrum nýtsamlegum ráðstöfunum. Þeir taka svo djúpt í árinna og segja að ekki sé vitað hvernig sæluhúsin hafi verið gerð né hvar þau hafi staðið.⁴⁹ Mögulega er þetta vísbending um að sæluhús hafi ekki verið almenn en óneitanlega vekur það athygli að einungis eru um 30 ár á milli ferða þeirra og andláts Jóns. Flest sæluhúsanna sem við þekkjum í dag eru frá 18. og 19. öld en ekki er útilokað að einhver þeirra séu reist á fornum grunni. Húsin eru oft við haga og jafnvel vatnsból, t.d. í túnnum gamalla býla og selja sem eru í eyði. Það eru einnig dæmi um hið gagnstæða, þ.e. að þau hafi verið á hættulegustu köflum leiðanna. Sum sæluhúsanna eru á gatnamótum eða þar sem ferjað var yfir vatnsföll. Ekki má heldur gera ráð fyrir að staðir sem voru mikilvægir t.d. á 12. öld hafi endilega verið það líka á 19. öld, það er greinilegt þegar horft er til breytinga á gróðurfari, landslagi og samfélagsgerð.⁵⁰ Því gætu verið sæluhús eða aðrar minjar fjarri þeim leiðum eins og við þekkjum þær í dag.

45 Árni Björnsson. 2001: 40; Helgi Hallgrímsson. 2011: 29


46 Sturlunga. 1946: 294; Grettis saga. 1996: 97

47 Skúli Helgason. 1959: 1

48 Magnús Jónsson. 1940: 402

49 Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson. 1943: 99

50 Birna Lárusdóttir. 2011: 323



Leiðirnar sem teknar voru til athugunar og unnt var að staðsetja eru sýndar sem svartar punktalínur. © Landmælingar Íslands

3. Fornar leiðir á miðhálandinu

Hér er stutt samantekt í stafrófsröð um leiðirnar sem teknar voru til athugunar. Nokkuð hefur verið ritað um þessar leiðir á síðustu áratugum. Sem dæmi má nefna *Árbækur Ferðafélags Íslands*, bókaflokkana *Hrakningar og heiðarvegir* og *Ódádabraun* sem og bókina *Hálendið í náttúru Íslands*. Listinn er mun lengri og langt frá því tæmandi. Í einhverjum þessara bóka hafa leiðirnar verið kortlagðar og í örfáum tilvikum sýndar stakar minjar nærri þeim.

Hér verður annari nálgun beitt, ritheimildir, herforingjaráðskort og kort Daniel Bruun verða nýtt til þess að skoða leiðirnar í samhengi við skráðar minjar. Með þeim hætti verður áreiðanleiki herforingjaráðskortanna kannaður og leiðirnar tengdar við fornleifarannsóknir á miðhálandinu. Ummerki um leiðirnar og minjar verða þannig í forgrunni frekar en oft á tíðum þjóðsagnakenndar lýsingar.

Bárðargata

Bárðargata er talin hafa legið milli Bárðardals og Fljótshverfis. Leiðin er kennd við landnámsmanninn Bárð sem nam land í Bárðardal og bjó að Lundarbrekku. Í Landnámu segir:

„Þá markaði hann at veðrum, at landviðri voru betri en hafviðri, ok ætlaði af því betri lönd fyrir sunnan heiði. Hann sendi sonu sína suðr um góí. Þá fundu þeir góíbeitla og annan gróður. En annat vor eftir þá gerði Bárðr kjálka hverju kykvendi, því er gengt var, ok lét hvat draga sitt fóðr og fjárlut. Hann fór Vonarskarð, þar er síðan heitir Bárðargata. Hann nam síðan Fljótshverfi og bjó að Gnúpum. Þá var hann kallaður Gnúpa-Bárður.“⁵¹

Ekki er vitað til þess að Bárðargata hafi verið nýtt eða farin með skipulegum hætti eftir þessa meintu ferð Bárðar. Að áeggjan danskra stjórnvalda árið 1770 voru uppi hugmyndir um könnun íslenskra fjallvega, Bárðargata var þar á meðal en ekkert varð af þeim áformum. Árið 1791 var reynt að finna leiðina í tengslum við leit að Sámsvegi en hún fannst ekki. Árið 1794 var Vatnajökulsvegur kannaður að hluta og Vonarskarð „fannst“ í kjölfarið, það er þó alls óvíst að um sama skarð sé að ræða og getið er í Landnámu. Sama ár telur Sveinn Pálsson fyrstur manna að Bárðargata hafi legið yfir þetta tiltekna skarð. Ferðir yfir Vonarskarð eru ekki þekktar fyrr en 1839, þá fóru norður yfir Vonarskarð landmælingamaðurinn Björn Gunnlaugsson og Sigurður Gunnarsson, seinna prestur á Hallormsstað, sem voru að rannsaka Vatnajökul. Þorvaldur Thoroddsen fór yfir Vonarskarð 1884 og 1889 og kannaði leiðina enn lengra til norðurs. Á fyrri hluta 20. aldar var leiðin könnuð enn frekar í áföngum en var ekki farin í heild sinni fyrr en eftir 1960 af Haraldi Matthíassyni, þeirri leið er lýst í *Árbók Ferðafélags Íslands 1963*.⁵²


Ólíklegt er að núverandi Bárðargata sé sú sama og lýst er í Landnámu, staðsetning Vonarskarðs er tilgáta sem og lega leiðarinnar. Leiðin sem nú gengur undir þessu nafni er um 250 km að lengd, liggur í allt að 1000 m hæð og lítið sem ekkert beitaland er á leiðinni. Landslag hefur tekið miklum breytingum á þessu svæði í gegnum aldirnar og orðið erfiðara yfirferðar heldur en áður. Leiðin er víða torfær, verstu hraunin Tröllahraun og Skaftáreldahraun voru t.d. ekki runnin þegar leiðin á að hafa verið farin. Einnig er yfir mikil vötn að fara. Veðurfar hefur einnig tekið breytingum, jöklar voru miklu minni og jökulárnar sennilega mun auðveldari yfirferðar.⁵³

51 Landnáma. 1948: 273-274

52 Sveinn Pálsson. 1945: 300, 387; Hjörleifur Guttormsson. 1987: 118; Þorvaldur Thoroddsen. 1958: 166, 222-223; Haraldur Matthíasson. 1963: 14-18

53 Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 230

Rannsóknir og ástand: Staðsetning Bárðargötu öll er byggð á líkum. Þessi leið hefur lítið sem ekkert verið rannsökuð á vettvangi né hafa fundist minjar sem hægt er að tengja við hana með beinum hætti. Það er heldur ekki mikilla minja að vænta við leið sem mögulega var farin einu sinni, lega óþekkt og miklar landslagsbreytingar hafa átt sér stað. Í 1. áfanga Rammaáætlunar voru tvö afmörkuð svæði skoðuð með tilliti til fornleifa í Vonarskarði. Einn minjastaður fannst þar, það er varða sem líklega var hlaðin 1880 við Gjóstuklif í einum af rannsóknarleiðöngurum Mývetninga og Bárðdælinga. Einnig hafa minjar verið skráðar í Krókdal, þær tengjast flestar fjárleitum og eyðibýggðinni en það er ekki óhugsandi að þær gætu tengst Bárðargötu.⁵⁴ Það verður að teljast óraunhæft að reyna að finna þessa leið, þ.e. hafi hún verið til, og minjar tengdar henni.



Líkleg staðsetning Bárðargötu er sýnd fast vestan við Vatnajökul á herforingjaráðskorti. © Landmælingar Íslands.

Heimildir: Haraldur Matthíasson, 1963; Guðmundur Páll Ólafsson, 2000.

Biskupaleið

Þessi leið var að öllum líkindum notuð af Skálholtsbiskupum í vísitasíuferðum um Austurland og liggur til austurs af Sprengisandsvegi yfir Ódáðahraun. Leiðin er nánast haga- og vatnslaus. Elsta heimild sem getur leiðarinnar er ferð Gissurar Einarssonar frá árinu 1544. Hennar er næst getið árið 1648 en þá gerir Brynjúlfur Sveinsson nokkurs konar yfirreiðarsamning við samferðamenn sína. Þeir voru jafnmargir lærisveinunum, eða 12 talsins, og þar voru m.a. fararstjóri, ráðunautur og tjaldpiltar. Gefur það hugmyndir um hvernig var hafst við í þessum ferðum og umfang þeirra. Líklega fór Bjarni Oddsson, sýslumaður, síðastur manna þessa leið á árunum 1630-1650.⁵⁵ Eftir það féllu ferðir yfir Ódáðahraun niður og leiðin týndist í tæp 300 ár.

Í Ljósvetningasögu er frásögn um ferðalag yfir Ódáðahraun. Þar var farið til vesturs að Brú og yfir Jökulsá. Þar voru vegamót, almannavegur lá vestur til þings og annar vegur fyrir ofan Mývatn, til Krókdals og Bleikmýrardals.⁵⁶ Líkt og með flestar leiðir sem getið er í fornritum er alls óvíst að þetta sé Biskupaleiðin sem þarna er getið. Engu að síður hefur þessi heimild verið tilefni til mikilla vangaveltna um leiðir yfir Ódáðahraun og allt frá lokum 18. aldar var af og til reynt að finna Biskupaleiðina ásamt fleiri leiðum. Sveinn Pálsson hefur m.a. eftir öðrum í bók sinni, að fornar vörður séu til á þessari leið og árið 1884 fann Þorvaldur Thoroddsen vörður við Ferjufall og ruddan sneiðing í svokölluðu Bræðraklifi.⁵⁷ Um miðja síðustu öld er líklegri legu leiðarinnar lýst í ritinu *Ódáðahraun*. Árið 1976 var enn og aftur leitað að vörðunum og í þetta sinn fundust þær. Ingvar Teitsson hnitsetti vörðurnar og skrifaði greinargóða bók, *Biskupaleið yfir Ódáðahraun*. Það vakti athygli við þá vinnu að á hluta leiðarinnar eru þrjár vörðuraðir hlið við hlið, líklega ummerki um nokkrar útgáfur leiðarinnar.⁵⁸

Leiðin er um 90 km löng, greiðfær og merkt með vörðum sem mynda misjafnlega gisinn leiðarvísi. Vörðurnar sem taldar eru tilheyra leiðinni eiga það sameiginlegt að vera litlar um sig og hlaðnar á stór björg í mikilli auðn þar sem þær sjást vel þrátt fyrir að vera efnislitlar.


Rannsóknir og ástand: Rannsóknarstaða leiðarinnar er með betra móti, hún er ein af fáum leiðum sem hafa verið hnitsettar nánast í heild sinni hérlandis. Ruddi sneiðingurinn í Bræðraklifi er eini minjastaðurinn, eldri en frá 18. öld, sem þekktur er á miðhálendinu

55 Ingvar Teitsson. 2005: 6-7; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 338; Einar E. Sæmundsson. 1950b: 231; Guðrún Ása Grímsdóttir. 2006: 179; Jón Halldórsson. 1903: 50-51, 190-193

56 Ljósvetninga saga. 1940: 132

57 Sveinn Pálsson. 1945: 396; Þorvaldur Thoroddsen. 1958: 348; Pálmi Hannesson. 1950: 37

58 Ólafur Hannesson. 1945; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 337; Ingvar Teitsson. 2005



Biskupaleið liggur til norðausturs af Sprengisandi að Jökulsá á Fjöllum. Leiðin er sýnd með svartri punktalínu.
©Landmælingar Íslands.

og með elstu varðveittu samgönguminjum hérlandis. Við vettvangsskráningu fornleifa í Krókdal austan Skjálftanda árin 2004-2005, voru minjar skráðar sem tengja má við fjárleitir og samgöngur. Það eru m.a. áningarstaðir, sæluhús, vöð og ferjur. Örnefni við Jökulsá á Fjöllum, eins og Ferjufjall og Ferjuhylur, eru að auki gjarnan tengd við leiðina⁵⁹ Við fornleifaskráningu árið 2015 fundust vörður vestan við Skjálftanda. Þar kemur Biskupaleiðin saman við Sprengisandsleið en niðurstöðurnar hafa ekki verið gefnar út í skýrslu enn sem komið er.⁶⁰

Leiðin hefur ekki verið skoðuð af fornleifafræðingum nema að litlu leyti. Ganga þarf leiðina skipulega og leita að fleiri minjum í nágrenninu. Með þeim hætti væri mögulega hægt að greina hvort að leiðin klofni, lega hafi tekið breytingum og tengja við afrétti og mögulega eyðibýggðina í Krókdal.

Heimildir: Ingvar Teitsson, 2005; Guðmundur Páll Ólafsson, 2000; Jón Gauti Jónsson, 1980

59 Pálmi Hannesson. 1950: 26; Orri Vésteinsson 2004 og 2005

60 Ísleif Menningarsögulegt gagnasafn.

Eyfirðingavegur / Vatnahjallavegur

Eyfirðingavegur / Vatnahjallavegur liggur frá Þingvöllum að Hvítárvatni og þaðan til norðurs yfir í Eyjafjörð. Leiðin var mikið notuð af Norðlendingum í skreiðarflutningum, frá Suðurlandi og Reykjanesi, auk þess á leið til þings. Vegurinn tengdi saman Árnes-, Rangárvalla- og Eyjafjarðarsýslur og var lengsti fjallvegur landsins. Að hluta til er um sama veg og Kjöl að ræða og má segja að Kjölur og Eyfirðingavegur klofni hvor frá öðrum á þremur stöðum, syðst í Tangaveri, í Svartárbugum og nyrst í Gránunesi. Þessar breytingar eru m.a. af völdum breytinga á gróðurfari, uppblásturs og jarðvegseyðingar. Einnig mun hafa verið almennt að fara syðri hluta leiðarinnar ef farið var yfir Kjöl úr vesturhluta Árnessýslu.⁶¹

Fyrst er getið um Vatnahjalla og leiðina yfir miðhálandið árið 1589 í rituðum heimildum. Þessi leið hefurað öllum líkindum verið notuð lengur og m.a. tengd við frásagnir af ferðum eftir að Jón Arason og synir hans voru líflátnir. Í vísitásiubók Brynjólfs biskups frá miðri 17. öld er landamerkjum Haukadals lýst og er hluti hennar m.a. birtur í athugasemdum við örnefnaskrá Helludals. Þar segir „- Síðan Sandvatn vestur í Almenningsgötur, er líka kallast Norðlinga götur, síðan þær götur fram efter fyrer vestan Sandfell ...“. Árni Magnússon lýsir leiðinni vel í bók sinni laust eftir 1700, Ebeneser Henderson gerir það einnig árið 1814 og minnst á vörður, að öllum líkindum nærri Vatnahjalla og Urðarvötnum. Það er í fyrsta sinn sem minja er getið á leiðinni. Á seinni hluta 19. aldar er getið um beinakerlingu á Kerlingarhnjúk sem gefur til kynna að leiðin hafi verið vörðuð mun fyrr.⁶² Leiðinni er lýst gróflega í Sýslu- og sóknalýsingum Árnessýslu og er sýnd á korti Daniel Bruun ásamt helstu áningarstöðum, sem allir voru líklega þekktir fyrir.⁶³

Eyfirðingavegur er um 200 km að lengd, liggur að mestu um hrjóstrugt land og þar eru fáir hagar. Leiðin var í notkun alveg fram á 19. öld en eins og með aðra fjallvegi dró úr notkun hennar þegar nær dregur 20. öld. Eyfirðingavegur hlaut athygli Fjallvegafélagsins sem stóð fyrir því að vörður voru hlaðnar á Vatnahjalla árið 1832, þar með talin varðan Sanki Pétur sem er nyrsta varðan á leiðinni. Vegurinn um Vatnahjalla var jafnframt ruddur af félaginu. Alls voru hlaðnar 22 vörður árið 1832 og haldið áfram með verkið 1833 allt að Jökulsá austari.⁶⁴

Rannsóknir og ástand: Eyfirðingavegur hefur lítið verið rannsakaður og fáar minjar hnitsettar við hana. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskortum og samkvæmt þeim er leiðin ekki vörðuð nema frá Vatnahjalla að Jökulsá austari, þ.e. sá hluti sem Fjallvegafélagið

61 Sigurður Pálsson. 1884: 165-166; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 318, 321

62 Einar E. Sæmundsen. 1950: 226; Örnefnaskrá-Helludalur. 1975: 1; Henderson, Ebeneser. 1957: 46. Árni Magnússon. 1955, 44-45; Þorvaldur Thoroddsen. 1958: 52

63 Sýslu- og sóknalýsingar Árnessýslu. 1979: 19 30, 126, 186; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 321; Kort Daniel Bruun, <https://islandskort.is/is/map/show/1139>

64 Páll Sigurðsson. 1994: 36-41



Eyfirðingavegur er einn lengsti fjallvegur landsins. Leiðin er sýnd með svartri punktalínu. © Landmælingar Íslands

stóð að. Staðsetning leiðarinnar, sú útgáfa sem einna síðust var notuð, er nokkuð rétt á kortunum en vísbendingar eru um eldri útgáfu leiðarinnar, m.a. í Lambahrauni. Þar eru eldri vörður sem m.a. hafa verið raktar til skreiðarferða Norðlendinga á 17. – 18. öld. Víða sjást einnig götuslóðar eftir þessar ferðir þar sem gróður er að finna.⁶⁵ Ekki er ljóst hvort að þessar vörður eru við leiðina sem sýnd er á herforingjaráðskortum.

Vangaveltur hafa verið um staðsetningu syðsta hluta leiðarinnar, þar sem komið er að bæjum í Biskupstungum. Það er talið að leiðin hafi verið nokkuð vestar fyrr á öldum en nú. Ein varða var skráð á þeim slóðum árið 2002 og gæti verið vísbending um að svo hafi verið. Við fornleifaskráningu árið 2018 fundust vörður skammt norðan við Svartárbotna og er það staðfesting þess að leiðin hafi verðið vörðuð lengra til suðurs en áður var talið. Við aðalskráningu í Grímsneshreppi var skráður náttstaður á leiðinni, sunnan við Skjaldbreið. Varðan Sankti Pétur á Vatnahjalla var einnig hnitsett við aðalskráningu í Eyjafirði undir lok 20. aldar.⁶⁶ Það eru því líkur á því að mun fleiri samgönguminjar séu við þessa löngu leið en vitað er um og að leiðin hafi tekið breytingum í gegnum aldirnar.

Heimildir: Guðmundur Páll Ólafsson, 2000; Ögmundur Sigurðsson og Björn Ólafsson. 1929: Daniel Bruun. 1913.

65 Ögmundur Sigurðsson og Björn Ólafsson. 1929: 19-24


66 Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson Án ártals; Bjarni F. Einarsson. 2001; Birna Lárusdóttir. 2002; Gísli Pálsson. 2018

Kaldidalur

Kaldidalur var um aldir fjölfarinn alfaravegur milli uppsveita Árnes- og Borgarfjarðarsýslna. Norðlendingar og Vestfirðingar notuðu hann einnig, m.a. þegar þeir riðu til þings. Leiðin var líklega í notkun allt frá fyrstu öldum byggðar héraendis og segja má að hún hafi ekki enn fallið úr notkun. Bílfær vegur var fyrst lagður um Kaldadal rétt fyrir 1930 en með tilkomu vegar fyrir Hvalfjörð fækkaði ferðum þar yfir. Kaldidalur er um 50 km að lengd en hlutinn á milli Oks og Þórisjökuls er gjarnan talinn hinn eiginlegi Kaldidalur. Hæsti hluti Kaldadalsvegar, Langihryggur, er í um 730 metra hæð yfir sjó.

Kaldidalur er víða nefndur í ritheimildum. Leiðarinnar sem slíkrar er ekki getið í Landnámu en hins vegar kemur þar fyrir örnefni sem enn er þekkt, Hallbjarnarvörður.⁶⁷ Það gefur til kynna að leiðin hafi mögulega verið vörðuð á þeim tíma sem sagan er rituð. Ein elsta leiðarlýsingin, helst til óljós, er í Sturlungu sem talin er rituð um miðja 13. öld. Þar segir að tvær leiðir liggja að Þingvöllum, önnur „liggur fram undir Ármannsfell og hjá Sleðaási, en önnur austur yfir hraun undir Hrafnabjörg og undir Reyðarmúla til Gjábakka og svo austan um hraun til búða.”⁶⁸ Örnefnið Hallbjarnarvörður kemur fyrir á öðrum stöðum í bókinni ásamt fleiri örnefnum í nágrenni leiðarinnar. Nærri Hallbjarnarvörðum er beinakerling sem styrkir ennfrekar þá tilgátu að leiðin hafi verið vörðuð lengi.

Það er ljóst að samgöngubætur voru á leiðinni við upphaf 18. aldar. Árið 1720 deyr Jón Vídalín biskup, á ferð yfir Kaldadal, í sæluhúsi. Á 18. öld voru hlaðnar tvær vörður hjá sæluhúsinu og kallast þetta svæði Biskupsbrekkur síðan. Þar var tjaldstaður, sæluhús og gatnamót þriggja fornra leiða, Uxahryggja-, Ok, og Kaldadalsleiða sem allra er getið í Sturlungu. Nokkur örnefni tengd sæluhúsinu eru þar líkt og Sæluhúsaflói og Sæluhúsaheðir. Þau eru gjarnan talin eldri en örnefni tengd biskupi.⁶⁹ Eggert og Bjarni lýsa leiðinni í ferðabók sinni árið 1753 og geta ekki um neinar minjar þar. Ebeneser Hendersson fer Kaldadal 1815 og lýsir leiðinni



Leiðin um Kaldadal sem sýnd er á herforingjaráðskortum er frá 1930. Að öllum líkindum eru eldri reiðgötur skammt vestar en það þarfnast staðfestingar. © Landmælingar Íslands.

67 Landnáma: 1948: 194

68 Sturlunga. 1988: 38

69 Magnús Jónsson. 1940: 402-403

vel en getur ekki um minjar. Í sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 er leiðinni lýst gróflega og gefið í skyn að sæluhúsið sé aflagt.⁷⁰ Leiðin var rudd að hluta, líklega sumarið 1822, að frumkvæði Bjarna Thorarensen. Árið 1835 stóð Fjallvegafélagið síðan fyrir enn frekari vegabótum á leiðinni.⁷¹

Rannsóknir og ástand: Leiðin um Kaldadal hefur einungis verið skoðuð með tilliti til fornleifa að litlum hluta. Matthías Þórðarson gerði litla vettvangsrannsókn við Hallbjarnarvörður fyrr á árum en svo virðist sem niðurstöður hans hafi ekki verið gefnar út.⁷² Við Biskupsbrekku voru skráðar nokkrar vörður, leiðin og heimild um sæluhús árið 2005. Þessar vörður eru nokkuð vestan við núverandi veg sem og Biskupsbrekku sem bendir til þess að leiðin hafi tekið breytingum í tímans rás. Í örnefnaskránni *Bláskógabeiði* segir að tvær fornar rústir hafi fundist í Biskupsbrekku, líklega af sæluhúsum.⁷³ Það er því eitthvað málum blandið hvaða minjar eru þarna enn sjáanlegar og svæðið var ekki allt skoðað með tilliti fornleifa, einungis fyrirhugað framkvæmdasvæði eins og gefur að skilja.

Heimildir: Haraldur Matthíasson, 1961; Ebeneser Henderson. 1958: Daniel Bruun. 1913.

70 Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson. 1943: 60; Sýslu- og sóknalýsingar Árnessýslu. 1979: 186; Henderson, Ebeneser. 1957: 345-347

71 Páll Sigurðsson. 1994: 20, 46

72 Þór Magnússon. 1980: 196


73 Friðrik Björnsson. Án ártals: 8; Ragnar Edvardsson. 2005

Kjölur

Kjölur liggur á milli Norður- og Suðurlands. Leiðin liggur yfir miðhálandið og er stysta leiðin milli Árnes-, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslan. Leiðarinnar yfir Kjöl er getið í *Landnámu* og segir frá því þegar Eiríkur í Goðdölum, í Skagafirði, sendi Rönguð þræl sinn til suðurs í landkönnun. Í kjölfarið hafi ferðir á milli landshlutanna hafist. Kjölur kemur einnig fyrir í *Grettis sögu* og er elsti fjallvegur sem getið er um hérlandis.⁷⁴ Kjölur er um 120 km að lengd, fer hæst í um 700 m hæð og liggur nokkuð vestar en núverandi bílvegur. Það má segja að um miðbik leiðarinnar séu þrjár þekktar útgáfur en hér var reynt að rekja eina þeirra í heild sinni, Kjalveg eystri og er betur fjallað um það í kafla 4.

Leiðin úr Biskupstungum lá til norðausturs frá býlinu Hólum og stefnt á Bláfell. Þaðan var farið með fjallinu að Hvítá en þar var illfært vað og ferja áður en brúin kom. Fyrir norðan Hvítá er sæluhús og leiðin klofnar, að öllum líkindum í þrennt. Leiðirnar mætast aftur við Seyðisá og eru að mestu varðaðar, allt sunnan frá Hvítá og norður að Blöndu. Kjölur var einnig farin úr Rangárvallasýslu og koma leiðirnar saman sunnan við Hvítá.

Kjölur hefur að öllum líkindum aldrei verið torfær. Á leiðinni eru grónir áningarstaðir, hann er hvergi brattur og hagar eru fyrir skepnur. Líklega var leiðin fjölfarin fram á 18. öld eða þar til Reynistaðabræður urðu úti árið 1780. Eitthvað er þetta samt málum blandið. Í *Ferðabók Eggerts og Bjarna* segir að Kjölur sé sjaldfarin, allt síðan sæluhúsin lögðust niður. Í ævisögu Jóns Steingrímssonar, prests á Prestbakka, kemur



Kjölur er ekki ein ákveðin leið, hún klofnar á nokkrum stöðum en allar mynda þær samt eina heild. © Landmælingar Íslands.

⁷⁴ Landnáma. 1948: 232; Grettis saga. 1996: 132

hins vegar fram að leiðin sé enn farin, hann fór leiðina sjálfur árlega á milli 1750-1756 í skreiðarferðir undir Eyjafjöll og til Vestmannaeyja. Árið 1753 hittir Jón Eyfirðinga á leiðinni, líklega ferðuðust þeir Eyfirðingaveg að Svartárbotnum.⁷⁵ Þessar bækur eru ritaðar á svipuðum tíma og gefa sína hvor myndina af leiðinni og nýtingu hennar. Í lýsingu Hruna- og Tungufellssókna frá 1840 segir að ekkert sæluhús sé á leiðinni sem sé sjaldfarin nema yfir hásumarið. Það sem og upplýsingar úr ferðabók Eggerts og Bjarna, má túlka sem svo að sæluhús hafi áður verið á leiðinni og að ferðir hafi aldrei fallið alveg niður.⁷⁶ Sumarið 1898 fór Daniel Bruun í leiðangur yfir Kjöl sem markar tímamót í ferðalögum yfir svæðið. Hann, ásamt ferðafélögum sínum, merkti vörðustæði frá Blöndu og suður yfir austanvert Kjalhraun. Vörðurnar voru flestar hlaðnar árið 1899. Vörðurnar voru endurhlaðnar á árunum 1920-1922 að tilstuðlan vegamálastjóra.⁷⁷

Rannsóknir og ástand: Kjölur og minjar við leiðina hafa lítið verið rannsakaðar. Hins vegar hafa þrjár útgáfur leiðarinnar varðveist sem sýnir vel hvernig leiðir þróast og breyta um legu í tímans rás. Þessar útgáfur hafa allar fundist vegna þess hversu „fjölfarið“ er um Kjöl enn í dag. Hveravalla er t.d. getið í flestum Íslandslýsingum frá 18. og 19. öld, það er farið í skipulagðar skemmtigöngur eftir hluta leiðarinnar og fjöldi fólks leggur leið sína á þetta svæði á hverju ári. Hins vegar er þörf að skrá þessar minjar og afrétti sem liggja að leiðinni.

Tvær fornleifarannsóknir hafa verið gerðar á Hveravöllum. Í bæði skiptin voru minjar skráðar þar. Við Hvítárvatn eru friðlýstar tóftir sem kallast Tjarnakot. Árin 1895 og 1897 voru þær rannsakaðar lítillega með uppgrefti. Byggðin er talin byggjast af eftir gos í Heklu árið 1104. Minjarnar við Hvítárvatn hafa einnig verið mældar upp.⁷⁸

Heimildir: Ögmundur Sigurðsson og Björn Ólafsson. 1929; Haraldur Matthíasson. 1998; Þóra Ellen Þórhallsdóttir, 1988; Daniel Brunn, 1913: Herforingjaráðskort danskra landmælingamanna.

75 Ögmundur Sigurðsson og Björn Ólafsson. 1929: 3; Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson. 1943: 99; Einar E. Sæmundsen. 1950a: 13-14

76 Sýslu- og sóknalýsingar Árnessýslu. 1979: 126

77 Ebeneser Hendersson. 1957: 362; Arnór Karlsson. 2001: 36-37; Jón R. Hjálmarsson. 1995: 6-7

78 Guðný Zoëga. 2002; Þór Hjaltalín. 2008; Minjavefsjá Minjastofnunar; Brynjúlfur Jónsson. 1896: 12-13; Bruun, Daniel. 1898: 56-57; Sigurður Þórarinnsson. 1966: 207-210

Sámsvegur

Vegurinn er kenndur við Sám Bjarnason, á Leikskálum, og ferðalýsing hans er varðveitt í *Hrafnkels sögu Freysgoða*. En samkvæmt sögunni fór Sámur norðan jökla til Alþingis og yfir Ódáðahraun. Þar segir:

„úr dalnum og fer norður til brúa, fer yfir brú og svo Möðrudalsheiði, komu í Möðrudal, voru þar eina nótt. Þá riðu þeir til Herðibreiðstungna og svo fyrir Bláfjöll í Króksdal og þaðan suður á Sand og komu ofan í Sandafell og þaðan á Þingvöll.⁷⁹

Fljótlega eftir 1770 leitaði Hans Wium, sýslumaður, að Sámsvegi ásamt 12 mönnum en varð lítið ágengt. Nestið í ferðinni var aðallega áfengi ef sagan er rétt. Árið 1787 fer Stefán amtmaður Þórarinnsson þess á leit við dönsk yfirvöld að leita að hinum forna vegi sem hafi legið milli Múlasýslu og Suðurlands. Árið 1790 er þessi tillaga samþykkt og sumarið 1791 var Bjarni Jónsson frá Draflastöðum ráðin til leitarinnar sem skilaði engum árangri.⁸⁰ Fáar heimildir eru til um leiðir milli Suðurlands og Austurlands úr fornum heimildum og flestar eru þær sveipaðar skáldsagnablæ. Sámsvegur er engin undantekning. Leiðin er ekki á „ósvipuðum“ stað og Biskupaleið en ómögulegt er að vita hvort að um sömu leið sé að ræða.⁸¹

Rannsóknir og ástand: Staðsetning leiðarinnar er óljós og engar minjar hafa fundist sem hægt er að tengja við hana með einum eða öðrum hætti. Líklega er óraunhæft að reyna að finna þessa leið, þ.e. hafi hún verið til, og minjar tengdar henni.

Heimildir: Einar E. Sæmundssen, 1950.

79 Hrafnkels saga Freysgoða. 1971: 26-27


80 Einar E. Sæmundssen: 1950: 274-299

81 Sigurður Kristinsson. 1985: 34

Skagfirðingavegur / Stórisandur

Leiðin liggur milli Skagafjarðar og Borgarfjarðar og var m.a. notuð af vermönnum að norðan yfir til Vesturlands, Snæfellsness og Suðurnesja. Þessi vegur er gjarnan talinn einn fjölfarnasti fjallvegur Íslendinga og fremur skammt var á milli efstu bæja í byggð. Þessi leið mun vera um 100 km að lengd, liggur í allt að 700-800 m hæð og er einn hæsti fjallvegur landsins. Margir tengivegir lágu að Skagfirðingavegi, nánast úr hverjum dal í Húnavatnssýslum, og höfðu flestir sitt nafn líkt og Tvídægja, Okvegur og Grímstunguheiði. Milli Arnarvatns stóra og Réttarvatns komu t.d. níu leiðir saman við svokallaðan Tjaldhól, þrjár úr Skagafirði og sex úr Húnaþingi.⁸²

Elstu heimildir um leiðina eru í *Grettis sögu* og hennar er einnig getið í *Laurentius sögu biskups* frá 1315.⁸³ Samkvæmt herforingjaráðskorti danskra landmælingamanna var leiðin vörðuð allra vestast, frá Arnarvatni stóra að Núpavatni til suðvesturs. Vörðurnar eru á 200-250 m millibili og standa flestar vel. Að öllum líkindum var leiðin vörðuð mun fyrr. Svokallaðar Ólafsvörður eru einnig syðst á Stórasandi og kenndar við Ólaf Hjaltason



Skagfirðingavegur, líkt og Kjölur, klofnar víða og segja má að leiðir hafi tengst leiðinni úr öllum dölum í Húnavatnssýslum. © Landmælingar Íslands.

82 Guðmundur Jósafatsson. 1988: 9-12, 18; Sýslu- og sóknalýsingar Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. 2005: 27

83 Guðmundur Jósafatsson. 1988: 20-21; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 308; Grettis saga. 1996: 205-206; Guðrún Ása Grímsdóttir. 1998: 321

biskup á Hólum frá 1552-1569 og sveina hans. Þeir lágu þar við í stórhrið og hlóðu vörðurnar til að halda á sér hita samkvæmt heimildum. Þær eru jafnframt fyrstu heimildir um minjar við leiðina. Nokkur vörðubrot eru á stakstæðum steinum frá Ólafsvörðum að svokölluðum Búðarárdrögum. Á Stórasandi er einnig beinakerling sem gjarnan var talin ein sú frægasta hérlandis. Hún er auðþekkt á því, að umhverfis hana er algróinn grasblettur um 9 m í þvermál. Fjallvegafélagið lét ryðja leiðina, allt frá Surtshelli að Hólmakvísl við Sandfell, árið 1831. Þær vegabætur sjást enn. Eldri götur sjást enn víða á grónum svæðum. Fyrir norðan Blönduvatn má t.d. sjá 26 götur samhliða en á öðrum stöðum eru þær ekki eins margar.⁸⁴

Rannsóknir og ástand: Skagfirðingavegur og minjar í næsta nágrenni hafa lítið verið rannsakaðar. Fornleifar voru skráðar við vestasta hluta leiðarinnar þegar afréttur Hvítársíðu var skráður vegna aðalskipulags árið 2004-2005. Að öðru leyti hafa minjar ekki verið skráðar á vettvangi við þessa leið.⁸⁵ Hvað sem því líður er ljóst að töluvert af minjum tengjast leiðinni, fjárleitum og nytjum á Arnarvatnsheiði. Fjölmörg örnefni eru á svæðinu við leiðina m.a. Norðlingafljót, Núpdælavað. Leggjabrjótstjarnir og Búðarárdrög. Öll benda þau til samgangna og mögulegra minja.

Heimildir: Guðmundur Jósafatsson. 1988; Björn Bergmann. 1966; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000; Daniel Bruun. 1913; Herforingjaráðskort danskra landmælingamanna


84 Guðmundur Jósafatsson. 1988: 16, 22-23; Páll Sigurðsson. 1994: 34; Bragi Sigurjónsson. 1985: 220, 301; Björn Bergmann. 1966: 54-56

85 Ágústa Edwald og fl. 2005

Sprengisandur

Sprengisandur tengdi saman Norður- og Suðurland og liggur nánast í gegnum mitt landið. Leiðin lá úr Gnúpverjahreppi yfir í Bárðardal en einnig var farið austan Þjórsár, úr Rangárvallasýslu. Leiðirnar sameinuðust við Sóleyjarhöfðavað. Ef Sóleyjarhöfðavað var ófært var farið vestar, við rætur Hofsjökuls að Arnarfelli. Þá var farið yfir á vaði nokkuð norðar. Leiðin yfir Sprengisand liggur fyrir austan Hofsjökul, vestan við Ódáðahraun og Tungnafellsjökul og er um 170-200 km að lengd, allt eftir því hvaðan var farið og hvar var endað.⁸⁶

Ekki er getið um Sprengisand sem slíkan í fornritum en í *Njálu* er talað um Gásasand og í *Sturlungu* kemur sama örnefni nokkrum sinnum fyrir. Almennt er talið að það eigi við um Sprengisand eða svæðið þar sunnar.⁸⁷ Örnefnið Sprengisandur kemur fyrst fyrir í afréttardómi 1476 og án efa er átt við leiðina í þeim dómi. Sprengisandur kemur næst fyrir í rituðum heimildum um miðja 16. öld, þá er Gissur Einarsson, biskup, að ráðgera ferð norður.⁸⁸ Fyrst er minnst á vörður í leiðarlýsingu Eiríks Hafliðasonar frá árinu 1740. Þar eru



Sprengisandur, líkt og Kjölur, klofnar víða og lá úr Árnes- og Rangárvallasýslu yfir í Eyjafjörð en einnig var farið að Austurdal í Skagafirði. © Landmælingar Íslands.

86 Hallgrímur Jónasson. 1967: 16

87 Þóra Ellen Þórhallsdóttir. 1988: 108-109; Brennu-Njáls saga. 1954: 428; Sturlunga I. 1946: 277; DI VI: 18; Haraldur Matthíasson. 1988: 67

88 Jón R. Hjálmarsson. 1995: 6; Guðrún Ása Grímsdóttir. 2006: 181

upplýsingar um beinakerlingu ásamt 24 dætrum sínum og örnefnið Sveina sem eru nokkur vörðubrot á klöppum, um 10-15 km sunnar. Leiðin var því að öllum líkindum vörðuð mun fyrr. Í *Ferðabók Eggerts og Bjarna* kemur fram að leiðin sé gleymd að mestu en nauðsynlegt sé að koma upp sæluhúsum og varða leiðina. Sprengisandur er aftur farin svo vitað sé 1772 í kjölfar skýrslu sem Eiríkur ritaði fyrir Landsnefndina. Þá fundust Eyvindur og Halla eins og frægt er. Gjarnan er talið að ferðir yfir Sprengisand hafi lagst af í 30 ár eða svo á tímabilinu 1740-1772.⁸⁹

Sumarið 1901 var byrjað að varða Sprengisand samkvæmt tillögu Daniel Bruun og tók það sex sumur. Fjölmörgum nýjum vörðum var bætt við og eldri vörður endurhlaðnar. Sem dæmi má nefna að 425 vörður voru hlaðnar á 44 dögum árið 1906, af þremur mönnum.⁹⁰ Að öllum líkindum var leiðin færð austar um leið, beinakerlingin er t.d. ekki við þessa útgáfu leiðarinnar sem sýnd er á herforingjaráðskorti.⁹¹

Leiðin er sýnd á korti Daniel Bruun og á henni eru fjölmargir áningarstaðir, allir þekktir á þeim tíma. Bílvegurinn er töluvert vestar en gamla leiðin en þær skarast á köflum.

Rannsóknir og ástand: Leiðin hefur verið rannsökuð að hluta, í nokkrum aðskildum rannsóknum. Afréttur Holtamannahrepps var skráður árið 2008 og afréttir Bárðdælinga og Krókdalur hafa verið skráðir að hluta. Skráning fornleifa stendur yfir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, þar voru skráðar vörður og vöð á leiðinni en niðurstöðurnar hafa ekki verið gefnar út. Í Þjórsárverum var gerð skráning fyrir 20 árum eða svo og þar m.a. skráðar vörður á leiðinni. Vörðurnar sem Daniel Bruun stóð fyrir voru endurhlaðnar árið 2006 af Vörðuvinum, í tilefni af 100 ára gerð þeirra. Samhiða var tekið hnit á öllum vörðum sem voru endurhlaðnar.⁹²

Fjölmargir minjastaðir eru nærri leiðinni, tengdir samgöngum og leitum. Með heildrænni skráningu á leiðinni væri hægt að tengja þessar minjar saman.

Heimildir: Gísli Gestsson, 1956; Guðmundur Páll Ólafsson, 2000; Daniel Bruun, 1913; Herforingjaráðskort danskra landmælingamanna

89 Hallgrímur Jónasson. 1967: Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson. 1943: 99; Sýslu- og sóknalýsingar Árnessýslu. 1979: 30

90 Hallgrímur Jónasson. 1967: 25-27


91 Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 331

92 Orri Vésteinsson. 2004; 2005; 2016; Ragnheiður Gló Gylfadóttir, í vinnslu; Bjarni F. Einarsson. 1999; Sólveig G. Beck. 2009; Sigurður Sigmundsson. 2006

Vatnajökulsvegur

Þessi leið er sveipuð þjóðsagnablæ og talin sunnar en Biskupaleið á fyrri hluta 17. aldar. Maður að nafni Árni Oddsson á að hafa farið þessa leið frá Vopnafirði til Þingvalla á fjórum dögum um árið 1618. Í bókinni *Undur Íslands* sem er rituð á 17. öld lýsir Gísli Oddsson, biskup í Skálholti og bróðir Árna, m.a. Jökulsá á Fjöllum að talið er. Hann segir að hún sé langmest allra fljóta á Íslandi og sé tvær til þrjár rastir á breidd við fjöllin, hann hafi reynt hversu mikil hætta þar geti verið. Líklega er hér átt við staðhætti á svæðinu frá Urðarhálsi austur að Kverkfjallarana.⁹³ Þessar lýsingar hafa verið tilefni til mikilla vangaveltna um leiðir á þessum slóðum.

Að öllum líkindum var þessi leið könnuð árið 1794 af Péttri Brynjólfssyni. Hann lagði upp frá Brú í Jökuldal, upp Þorláksmýrar, yfir Kverkárrana, Kverkhnjúkaskarð, yfir kvíslar Jökulsár á Fjöllum, til norðvesturs, norðan við Trölladyngju og yfir Skjálfandafljót að Kiðagili. Hann fór þessa sömu leið aftur árið 1797.⁹⁴ Árið 1833 var leiðin frá Brú að Arnarfellsjökli könnuð enn frekar af Péttri Péturssyni og fylgdarmanni, að beiðni Fjallvegafélagsins. Uppdráttur var gerður af leiðinni í kjölfarið og koma þar fram upplýsingar um minjar. Við Urðarháls eru m.a. sýndar vörður, það á Jökulsá á Fjöllum ásamt vörðu og önnur varða er á hálsinum vestan við Kreppu. Þessar vörður eru að öllum líkindum gerðar af Péttri Péturssyni og samferðamönnum eða í fyrri ferðum undir lok 18. aldar. Björn Gunnlaugsson landmælingamaður fór þessa leið tvisvar á árunum 1838-1939 og birti á Íslandskorti sínu. Í



Vatnajökulsvegur var fyrst farinn undir lok 18. aldar í þeim tilgangi að finna eldri leiðir. Það tókst ekki en þessi leið er minjar um þá landkönnun. © Landmælingar Íslands.

93 Ólafur Jónsson. 1945: 198-201; Gísli Oddsson. 1942: 104

94 Hjörleifur Guttormsson. 1987: 118

kjölfarið fékk þessi leið heitið Vatnajökulsvegur. Í Sýslu- og sóknalýsingum Árnessýslu sem er rituð árið 1842 er sagt að leiðin sé nýfundin.⁹⁵

Leiðin er um 130 km að lengd og er torfarin. Á henni eru stórfljót, hraun, sandar og litlir hagar.

Rannsóknir og ástand: Engar minjar hafa fundist um þessa leið. Hins vegar urðu til minjar við leit að henni á 18. og 19. öld sem hafa ekki verið hnitsettar. Lega leiðarinnar er óviss sem og heimildir sem geta hennar. Landslag norðan Vatnajökuls er hrjóstrugt og afar ólíklegt að leiðin muni nokkru sinni verða fjölfarin.


Heimildir: Ólafur Jónsson, Ódáðahraun; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: Sigurður Kristinsson, 1985

95 Hjørleifur Guttormsson. 1987: 118-121; Páll Sigurðsson. 1994: 50-54; Sýslu- og sóknarlýsingar Árnessýslu. 1979: 30

Leiðir yfir Vatnajökull

Löngum hafa verið sagnir um að Vatnajökull hafi verið klofinn um miðju og leiðir hafi legið þar yfir fyrr á öldum. Þessar leiðir eru sveipaðar þjóðsagnablæ en ekki alveg úr lausu lofti gripnar. Elsta heimildin sem getur slíkra leiða er í *Droplaugarsona sögu*. Þar segir að Ingjaldur á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal og Þorkell trani hafi farið: „it efra sudur um jola ok komu ofan í Hornafjord.“ Heimildir hafa varðveist um tengsl milli Möðrudals og Skaftafells. Í Möðrudalsmáldaga Gísla biskups Jónssonar frá 1575 segir að Möðrudalskirkja eigi skógarhögg í Skaftafellsskógi. Í *Jarðabók Ísleifs Einarssonar* segir að Skaftafell hafi átt beit fyrir 14 hross á Möðrudalsöræfum á sumartíma en sé aldrei nýtt vegna jökla. Jafnframt eru til gömul munnmæli um að smalin frá Möðrudal eigi frítt svefnpláss í Skaftafellsskála og öfugt. Sigurður Þórarinnsson telur að allar ferðir um Vatnajökul hafi verið aflagðar fyrir 1700, ytri aðstæður eins og kólnandi veðurfar og framskrið jökla spili þar inn í. Heimildir eru þó fyrir því að leið milli Öræfa og Möðrudals hafi verið fær 1790 og ferðalagið einungis tekið tvo daga.⁹⁶ Árni Magnússon minnst í Íslandslýsingu sinni við upphaf 18. aldar á að fjallvegur hafi legið frá Hoffelli í Hornafirði og yfir í Fljótsdal á sama tíma.⁹⁷

Mögulega lá leið sem var einkum notuð af Norðlendingum á leið til verstöðva við Hálsahöfn í Suðursveit, yfir Vatnajökul frá Staðardal í Suðursveit til norðurs. Vertíðin var frá



Þessar leiðir yfir jökulinn eru byggðar á tilgátum sem settar hafa verið fram í gegnum tíðina. © Landmælingar Íslands.

96 Sigurður Kristinnsson. 1985: 34; Sigurður Þórarinnsson. 1946a: 398; Droplaugarsona saga. 1968; 162; DI XV. 674-675; Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1990: 437; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 362-364

97 Árni Magnússon. 1955: 82-83

febrúar og fram í maí. Sögur lifa enn af dvöl Norðlendinga í veri þar, þeir þóttu kvensamir og njóta full mikillar hylli. Sagan segir að sjósókn hafi verið hætt árið 1573 eftir mikið mannfall í sjóróðri. Skriðuklaustur átti stóran hluta í Borgarhöfn á 16. öld, lögbýlinu sem Hálsahöfn tilheyrði. Það bendir mögulega til þess að fiskur hafi verið fluttur til klaustursins að vertíð lokinni.⁹⁸

Rannsóknir og ástand: Ekki hafa fundist minjar sem hægt er að tengja við þessa leið. Sveinn Pálsson greinir frá sögnum í ferðabók sinni um að minjar hafi fundist við Morsárjökul snemma á 18. öld. Þar kemur m.a. fram að torfhlaðið garðlag hafi fundist sem náði yfir klappir nokkrar við Morsárjökul og mátti fara með hest eftir því. Á 19. öld fundust síðan leifar af mögulegu klyfi og skeifa á sömu slóðum.⁹⁹ Ritheimildir og ítök jarða gefa til kynna að leiðir hafi legið á milli þessara svæða en engar staðfestar minjar hafa fundist á seinni tímum sem hægt er að tengja við hana og legan er tilbúningur að mestu.

Heimildir: Sigurður Þórarinnsson. 1946; Guðmundur Páll Ólafsson, 2000.

98 Sigurður Þórarinnsson. 1946a: 400-401; Sigurður Þórarinnsson. 1946b: 414-416; Þorkell Jóhannesson. 1934: 15-16; Biskupa-annálar Jóns Egilssonar. 1856: 108; Steinunn Kristjánsdóttir og Gísli Kristjánsson. 2010: 99-100

99 Sigurður Þórarinnsson. 1946a: 399; Sveinn Pálsson: 1945: 483, 493



Sæluhús norðan við
Haugakvísl, á leiðinni
yfir Kjöl.

4. Rannsóknin

Samgöngur hafa alla tíð skipt miklu máli á Íslandi og oft ekki einfalt að komast á milli staða. Þrátt fyrir mikilvægi samgönguminja hefur ekki farið fram heildræn vettvangsskráning á fornum ferðaleiðum hérlandis, hvorki í byggð né óbyggðum. Það sem m.a. hamlar slíkum rannsóknum er skortur á flokkun leiða, hentugri aðferðafræði, skilgreiningum og hvaða viðmið eigi að vera til grundvallar. Hefðbundnar skráningaraðferðir duga skammt þegar kemur að samgönguminjum, þær eru oftar en ekki skráðar í bótum sem eru ekki tengdir saman. Skoða þarf leiðir heildrænt ásamt öðrum minjum í nágrenni þeirra og landslagi. Það er undirstöðuatriði að vita hvar helstu áningarstaðir, vöð og ferjur voru sem tengist því hvert var farið og hvar. Einnig þarf að skoða byggðina og hvar t.d. kirkjur og valdamiðstöðvar voru staðsettar. Það vantar ennfremur samræmdan gagnagrunn, bætta skráningaraðferðir og skilgreiningar til þess að halda utan um niðurstöðurnar svo hægt sé að skoða samgöngur í stærra samhengi og tengja á milli mismunandi rannsókna. Áhugavert hefði verið að setja hnít á samgönguminjum sem safnað var saman í verkefninu *Minjar og menningarsögulegt gildi landslags á hálendi Íslands* í slíkan grunn, tengja við leiðirnar og flokkun sem verður kynnt hér neðar en það reyndist of mikil vinna í þetta sinn.

Þessi rannsókn fór að mestu fram í landfræðilegum upplýsingakerfum auk vettvangsvinnu og heimildaöflunar. Þær ferðaleiðir sem kynntar voru í upphafi skýrslunnar

voru teiknaðar upp stafrænt og í flestum tilvikum var byggt á herforingjaráðskortum danskra landmælingamanna sem voru gerð á fyrri hluta síðustu aldar. Þær leiðir sem ekki eru þekktar eða hægt að staðsetja voru raktar eftir öðrum heimildum eftir fremsta megni. Hnit sem safnað var saman í verkefninu *Minjar og menningarsögulegt gildi landslags á bálendi Íslands* voru skoðuð í samhengi við leiðirnar og með þeim hætti var hægt að segja til um áreiðanleika kortanna, hvort að minjar á afmörkuðum deiliskráningarreitum falli í nágrenni leiða eða hvort að vísbendingar séu um óþekktar leiðir. Kjálvegur eystri var rakinn að stórum hluta á vettvangi en ekki náðist að skrá syðsta hluta leiðarinnar að fullu.

Skilgreiningar á hugtökum

Í skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands er að finna viðmið um skráningu fornleifa héraðs. Í stöðlunum er m.a. listi yfir skilgreiningar á tegund og hlutverki minja. Tegund er lýsing á eðli, formi og jafnvel efnivið minjanna. Reynt er að flokka fornleifastaði annars vegar eftir eðli þeirra, þ.e. hvort um er að ræða eiginleg mannvirki sem enn eru til, vísbendingar um mannvirki sem ekki eru lengur til, náttúruminjar sem fengið hafa hlutverk mannvirkis og hins vegar aðra staði sem hvorki eru mannvirki né náttúruminjar en teljast samt til fornleifa. Sem dæmi má nefna að gata er skilgreind svo í skráningarstöðlunum: „Rásir eða troðningar sem myndast hafa af endurtekinni umferð manna og hrossa.“ Hlutverk lýsir hlutverki mannvirkisins þegar það var í notkun, þau geta verið nokkur og sífellt bætast fleiri við eftir því sem yngri minjar falla undir friðun sökum aldurs. Leið er skilgreind svohljóðandi: „Vegur, gata eða braut fyrir menn, dýr eða farartæki að fara eftir.“ Eins og gefur að skilja eru misjöfn mannvirki tengd leiðum, á fjallvegum eru t.d. vörður, sæluhús og tjaldstaðir. Í byggð eru fleiri brýr, upphlaðnar kaflar og ruðningar. Ekki er gerður greinarmunur á hlutverkum leiða í skráningarstöðlunum nema að litlu leyti, það þarf að bæta. Með þeim hætti væri hægt að gera ítarlega grein fyrir fornum samgöngukerfum og er í raun grundvöllur þess að hægt sé að skoða samgönguminjar héraðs heildrænt.¹⁰⁰

Frá því að Jónsbók var rituð árið 1281 hafa yfirvöld og embættismenn skilgreint og ákvarðað opinberar ferðaleiðir á Íslandi líkt og kom fram í kafla 2. Framan af var vegum skipt í tvennt, alfaravegi og aukavegi. Á 19. öld varð þessi skipting flóknari, þá aðallega eftir því hver átti að kosta framkvæmdirnar en það er aukaatriði þegar kemur kortlagningu og skráningu á leiðum. Snemma hefur að öllum líkindum verið gerður greinarmunur á leiðum sem voru fjölfarnar og þeim sem voru fáfarnari. Í þessu verkefni er lögð áhersla á að flokka leiðirnar í þrjá einfalda flokka sem byggja á tillögu Kristborgar Þórsdóttur með smávægilegum breytingum, þ.e. alfaraleiðir og aukaleiðir líkt og lengst af var gert héraðs en að auki er flokkurinn aðrar leiðir.¹⁰¹ Það er lykilatriði að landslag og lega sé skoðað

100 Skráningarstaðlar Minjastofnunar Íslands, 2013

101 Kristborg Þórsdóttir. 2011: 46-48

samhliða. Mörkin á milli alfaraleiða og aukaleiða eru dregin um efstu bæi í byggð, það myndu vafalaust bætast við fleiri flokkar ef rannsóknarsvæðið væri stærra. Hér kemur vel í ljós hversu illa núverandi afmörkun miðhálandisins hentar menningarminjum, leiðirnar ná flestar út fyrir þá línu.

1. Alfaraleiðir: Leiðir sem farnar voru á milli sýslna og landshluta. Þetta eru allar leiðir sem skilgreindar hafa verið sem póstvegir, sýsluvegir og þjóðvegir. Hægt er að skipta alfaraleiðum í eftirfarandi undirflokka:

a) Leiðir milli landshluta lágu þvert yfir landið, oftar en ekki yfir hálendið eða yfir heiðar.


b) Tengivegir eru milli annarra leiða innan og á milli sýslna sem og leiða á milli landshluta. Gott dæmi um slíka vegi eru T víðægur, Okvegur og Skessubásavegur. Tengivegir koma oft að fjallvegum þar sem eru áningarstaðir eða sæluhús, þ.e. eru á gatnamótum.

c) Leiðir milli sýslna geta legið yfir fjalllendi og heiðar en ekki í miðju landi. Þær eru oftar en ekki á láglandi og við sjávarsíðuna. Dæmi um slíkar leiðar eru Hellisheiði, Mofellsheiði og leiðir á Reykjanesi.

2. Aukaleiðir: Allar aðrar leiðir sem farnar voru oft, líkt og leiðir á milli bæja, innan sveitar, til kirkju, engjavegir, selvegir og til sjávar. Þ.e. hluti af daglegu lífi fólks innan sveitar. Hér verður ekki farið í skilgreiningar á þessum flokki, hann fellur utan afmörkunar.

3. Aðrar leiðir: Augljóslega falla sumar leiðir þarna mitt á milli og voru þær fáfarnar í flestum tilvikum.

a) Leiðir farnar til veiða, bæði á fiskum og fuglum. Þær liggja eflaust eftir alfaraleiðim



Tillaga að flokkun leiða héraðs sem gæti fallið undir tegund og hlutverk í skráningarstöðum Minjastofnunar. Rétt er að ítreka að þetta er tillaga sem gæti tekið miklum breytingum með frekari rannsóknum.

að mestu en það er alls ekki svo í öllum tilvikum.

b) Leiðir farnar til nytjastaða líkt og að brennisteinsnámum og til kolagerðar.


d) Leiðir sem tengjast landkönnun. Á 17. - 18. öld var töluverð áhersla á leit að þjóðsagnakenndum leiðum sem skildu eftir sig minjar ótengdar eldri sögnum.

Tilraun til flokkunar


Áður en lengra er haldið er rétt að skoða leiðirnar sem voru teknar til rannsóknar í stærra samhengi. Það eru greinileg tengsl á milli legu leiðanna og byggðar á jaðarsvæðum eins og dölum sem skerast inn í hálendisbrúnina líkt og sést á myndinni hér neðar. Fjölförnustu leiðirnar t.a.m. Sprengisandur, Kjölur, Stórisandur og Eyfirðingavegur liggja stystu leiðina milli byggðarlaga yfir miðhálandið, klofna, breyta um legu og tengivegir liggja að þeim. Það er einnig áhugavert að skoða austurhluta landsins, þar eru þessi tengsl ekki eins greinileg. Það eru eflaust margar aðrar ástæður sem gætu útskýrt, sú stærsta án efa að jarðabókin fyrir Austurland er glötuð. Í grunninn vantar einnig meiri fornleifaskráningu á þessum svæðum og uppfærslu á eldri rannsóknargögnum. Á kortinu eru öll lögbýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, því vantar inn eldri býli og byggð á jaðarsvæðum sem gætu breytt þessari mynd töluvert. Það er líka áhugavert að skoða leiðirnar í samhengi við hnitin sem safnað var saman í verkefninu *Minjar og menningarsögulegt gildi landslags á bálendi Íslands*.




Leiðirnar sjást sem svartar punktalínur en lögbýli á Íslandi árið 1703 eru brúnu punktarnir. Gögn úr landfræðilegum grunni Gísla Pálssonar, sjá www.jardabok.com. © Landmælingar Íslands.



Leiðirnar sjást sem svartar punktalínur en skráðar, hnitsettar minjar á miðhálandinu eru rauðir punktar. Hér sést greinileg framkvæmdaslagsíða á gögnunum líkt og við Kárahnjúka og virkjanir í Þjórsá. © Landmælingar Íslands.



Flokkun leiðanna sýnir vel hversu flóknar samgöngur geta verið en um leið mikilvægi fjallveganna. Það er áberandi eyða í samgöngum á Austurlandi, þar eru eingöngu þjóðsagnakenndar leiðir. © Landmælingar Íslands.




- Áningarstaður**
- Áningarstaður
 - Ferja
 - Leið
 - Naust
- Náttstaður**
- Náttstaður
 - Mögulegar samgöngminjar
 - Samgöngubætur
 - Smalakofi
- Skýringar**
- Sæluhús
 - Tjaldstæði
 - Vað
 - Varða
- Vegur**
- Vegur
 - Veiðikofi
 - Óskilgreindar minjar
 - Leið milli landshluta
 - Tengivegur
- Leið milli sýsna**
- Leið milli sýsna
 - Landkönnun
 - Miðhálandi

Það er einna helst þar sem afréttir hafa verið skráðir og miklar framkvæmdir verið sem skráningargögn eru til, önnur svæði hafa hlotið mun minni athygli.

Þegar búið að skilgreina leiðirnar eftir flokkuninni sem hér var kynnt sést vel hversu mikilvægar leiðir á milli landshluta eru. Að þeim liggur fjöldi tengivega, lega allra þessa leiða og gatnamóta er flókin. Þær fara sitthvoru megin við fjöll, klofna og sameinast öðrum leiðum á köflum. Það vantar þó að skoða leiðirnar í samhengi við svæðin sem eru í byggð. Einungis einn vegur sem fellur undir flokkinn “á milli sýslna” var skráður en það er Kaldidalur. Eflaust mætti líta á hann sem leið milli landshluta en hann er einnig hluti af flóknu samgöngukerfi sem kallast Bláskógaheiði og er ekki til skoðunar hér, það er utan miðhálandisins að mestu. Á slíkum svæðum væri tilvalið að þróa flokkunina enn frekar. Fjórar leiðir eru þjóðsagnakenndar og litlar sem engar minjar tengjast þeim með áþreifanlegum hætti. Þær falla allar undir landkönnun og eru á austurhelmingi landsins. Samsleið reyndist ekki hægt að staðsetja, heimildirnar eru af það skornum skammti. Staðsetning hinna leiðanna þriggja er öll byggð á tilgátum og sögusögnum.

Þegar skráðar minjar og flokkun leiðanna eru sett í samhengi sést strax hversu miklum upplýsingum var safnað á þeim afréttum sem hafa verið skráðir líkt og í Hvítársíðu, Landmanna- og Holtamannaafrétti. En að sama skapi er einnig greinilegt hversu lítil skráning er nærri leiðum á milli landshluta. Skagfirðingavegur, Kaldidalur og Eyfirðingavegur eru því sem næst órannsakaðir. Hið sama má segja um tengivegi. En sé rýnt í kortið á síðustu blaðsíðu kemur ýmislegt áhugavert í ljós, ekki síst hvernig hægt er að nota þau skráningargögn sem eru aðgengileg þótt meingölluð séu eins og kom fram í verkefninu *Minjar og menningarsögulegt gildi landslags á hálendi Íslands*. Með því að skoða minjar sem eru ekki nærri þekktum leiðum eða öðrum athafnasvæðum koma í ljós vísbendingar um óþekktar leiðir og möguleg nytjasvæði á þremur svæðum hið minnsta. Á myndinni hér til hliðar sjást t.d. vörður milli Herðubreiðar




Milli Herðubreiðar og Kollóttadyngju fundust vörður fyrir nokkrum árum, þær eru sýndar sem rauðir punktar. Á einum stað eru tvær vörður andþenis hvor annarri. Mögulega er þetta vísbendingar um óþekktar leið yfir Ódádahraun eða leið að nytjasvæði sem ekkert er vitað um. © Landmælingar Íslands.

og Kollóttadyngju. Þetta er að öllum líkindum leið sem ekki er getið í heimildum. Í Fagradal á Brúaröræfum eru nokkrar tóftir saman og bera öll einkenni þess að vera ævafornar. Tóftirnar eru ekki við þekkta leið en áhugavert væri að skoða nánasta umhverfi minjanna og landslag til þess að átta sig á nýtingu þeirra og hvernig var ferðast þangað. Um 5 km norðan við Biskupaleið, nokkuð vestan við Ferjufall,

er hlaðin rétt í hrauninu. Réttin er á hrjóstrugu svæði og ekkert af minjum sést þar nærri. Hvort réttin gæti tengst annarri legu Biskupaleiðar er óvíst en rannsókn á tengslum þar á milli gæti gefið mikilvægar niðurstöður. Allar þessar minjar hafa fundist fyrir tilviljun en þessir staðir gætu bætt við mikilli þekkingu um miðhálendið og nýtingu þess.

Vettvangsvinna

Eitt markmið þessarar rannsóknar var vettvangsskráning á einni leið. Að undirbúningsvinnu lokinni var ákveðið að skrásetja eystri leiðina yfir Kjöl, hér eftir kölluð Kjalvegur eystri. Það reyndist meiri vinna en upphaflega var talið og það markmið, að skrá leiðina í heild sinni frá Hvítá að Seyðisá náðist ekki í þetta sinn. Stór hluti leiðarinnar var skráður en svæðið frá Kjalfelli að Hvítárvatni er eftir. Það var áliðið hausti þegar þessi vinna fór af stað sem olli vandkvæðum. Mun fleiri minjar eru við leiðina en áður var talið og samgöngukerfið flókið. Eyfirðingavegur klofar t.d. frá Kjalvegir eystri á nokkrum stöðum, leiðirnar voru samnýttar á köflum og hið sama má segja um tengsl allra leiðanna þriggja sem saman mynda Kjöl. Það kom þrátt fyrir það skemmtilega á óvart að herforingjaráðskortin eru nákvæm þegar kemur að legu leiðanna, sé tekið mið af þeim minjum sem voru skráðar. Af þeim sökum var miðað




Leiðin yfir Kjöl greinist í tvennt norðan við Hvítá. Kjalvegur eystri lá til NNA frá Tangaveri við ána en Eyfirðingavegur gerði það líka, þar er merktur bílslóði á kortið. Leiðirnar klofðu einnig við Hvítárvatn en ekki er ljóst hvað réði hvor leiðin var notuð. Á báðum stöðum eru t.d. sæluhús en áhugavert væri að aldursgreina þær minjar og skoða minjar um fjárleitir samhlíða. Kjalvegur vestan Hvítárvatns tengist leiðunum ekki á þessu svæði, tengivegurinn sunnan við Hrefnubúðir er líklega yngri. © Landmælingar Íslands.

við upplýsingar sem þar eru birtar til þess að kortleggja leiðirnar yfir Kjöl og skilja tengslin þar á milli á þeim svæðum sem ekki voru skráð. Hér neðar verður þrískiptingu leiðarinnar lýst og endað á Kjalvegi eystri og niðurstöðum skráningarinnar. Leiðinni er lýst vel í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2001 ftir Arnór Karlsson og eftirfarandi kaflar byggja að mestu á umfjöllun úr þeirri bók.

Kjalvegur vestri

Frá Tangavaði á Hvítá eru vörður til norðurs, margar eru að vísu fallnar vegna sandfoks og jarðvegseyðingar. Leiðin liggur eftir melum og moldarflögum en götur sjást þegar kemur að Svartá. Fyrir norðan ána eru einnig víða götur og vörður hér og þar, hlaðnar á stóra steina og kletta. Frá sæluhúsinu í Hvítárnesi liggur leiðin yfir Tjarnarheiði og er rækilega vörðuð. Frá Fúlukvísl liggur leiðin upp með ánni að austanverðu inn á móts við Hrútafell, milli árinna og Kjalhrauns. Leiðin er vörðuð og ógreiðfær. Hér og þar eru hagar, t.d. í Þverbrekknaveri en ekki er vitað um minjar þar. Þetta eitt af þeim svæðum sem er áhugavert þegar horft er til örnefna eins og fyrr var minnst á, þau gefa til kynna að þarna séu minjar. Í Þverbrekknamála má allvíða sjá götur í stefnu til norðausturs, líklega eru einhverjar þeirra



Minjar sem áður hafa verið skráðar á Kili sjást sem hvítir punktar. Rauðu punktarnir eru minjar sem skráðar voru í þessu verkefni en ákveðið var að láta staðar numið norðan við Kjalfell. Hér er greinilegt hvernig leiðirnar eru allar hluti af sömu heild en hvað réði hvaða leið var farin er alls óljóst. Einnig er óvíst hvort þær hafi allar verið notaðar samtímis. © Landmælingar Íslands.

yfir á Kjalveg eystri og því í raun um tengiveg að ræða. Þegar kemur inn fyrir Hrútafell liggur leiðin með ánni og inn með hrauninu að Þjófadölum. Á sléttlendi suður af Þjófafelli greinist leiðin í tvennt, annars vegar fer hún fyrir austan fjallið og meðfram Kjalhrauni. Þar eru víða hraunhellur sem hentar hestum vel. Hin leiðin fer í gegnum Þjófadali og með hrauninu í Tjarnardali, milli Kjalhrauns og jökulsins. Þar var tjaldstaður og enn og aftur svæði sem áhugavert væri skoða betur. Þar sameinast leiðin aftur, sveigir til norðausturs fyrir hraunið og að Hveravöllum. Þaðan til norðurs er farið með Þegjanda og vörðum austur að Seyðisá.¹⁰² Þetta er leiðin sem nýtt er til skipulagðra ferðalaga og flestir þekkja.

Kjalvegur vestan Hvítárvatns

Þessi leið liggur næst Langjökli en hefur ekki verið notuð lengi. Samkvæmt bréfi um afréttarnytjar frá árinu 1844 var þessi leið notuð á 17. öld og líklega fyrr. Jökullinn var að öllum líkindum minni og hægt að fara fjöruborð Hvítárvatns. Jökullinn hljóp fram í Hvítárvatn um 1800 og lokaði leiðinni. Í bréfinu er m.a. vísað í eldri mann sem fór þessa leið.¹⁰³ Þessi leið er ekki fær í dag, þarna ganga nú skriðjökklar niður og vatnsyfirborðið hærra en áður var. Við Hvítárvatn sjást bæði vörður, hleðslur og ummerki um vegabætur í múla, á milli Karlsdráttar og Fremri-Fróðárdals. Ekki er vitað hvort þetta tengist flokki manna sem var á þessu svæði á vegum ríkisins um 1930. Í Karlsdrætti er einnig tóft sem Þorvaldur Thoroddsen minnst á í ferðabók sinni, að öllum líkindum sæluhús.

Ef þessi leið lá á milli landhluta var farið milli Leggjabrjóts og Fremri-Fróðarádals og áfram til norðurs. Örnefnið Leggjabrjótur vekur hér sérstaka athygli og styður enn frekar að þarna hafi verið farið. Þaðan var farið yfir Fróðá, neðan við kvíslar sem koma í hana austan frá Hrefnubúð, sunnan undir Hrefnubúð, austur yfir Fúlukvísl við suðausturhorn Hrefnubúða og þá komið á Kjalveg vestari. Leiðin gæti hafa náð lengra til norðurs, vestan við Fróðá, upp innri Fróðárdal eða austan við Rauðafell og upp í vesturhlíðar Baldheiðar. Á melbungu fyrir ofan Innri-Fróðarádal er tóft, við nafnlaust vatn og þar eru sáemilegir hagar. Þetta er að öllum líkindum sæluhús eða leitarmannakofi. Leiðin fór áfram austan við Hrútafell, að öllum líkindum austur með Þverbrekkum og þar sést fyrir götum. Farið var yfir Fúlukvísl á eyrunum við Kvíslarmúla. Þar sameinast þessi leið Kjalvegi vestari. En þetta er einungis tilgáta og áhugavert gæti verið að hnitsetja þessa leið og hvaða minjar gæti verið þar að finna.¹⁰⁴ Þessi leið sem og minjar á henni eru stórmerkilegar og æskilegt væri að skrá þessa staði.


102 Ögmundur Sigurðsson og Björn Ólafsson. 1929: 14-15; Arnór Karlsson. 2001: 40-43

103 Björn Jónsson. 1970: 264-267

104 Arnór Karlsson. 2001: 39-40


Kjalvegur eystri

Þessi leið hefst við ferjustaðinn á Hvítá en áin var mikill farartálmi áður en hún var brúuð árið 1935. Tvenn vöð voru fyrir hesta á Hvítá, það neðra kallast Hólmavað en hið efra Skagfirðingavað. Ferjustaðurinn var um 500 m ofan við brúnna og þar er sæluhús, Tangaverskofi. Þaðan lá leiðin til norðurs að Svartá og er þessi hluti varðaður þótt ekki sé það sýnt á herforingjaráðskortinu. Bugakofi er í Svartárbugum og var notaður þangað til að sæluhúsið í Hvítárnesi var byggt. Þessar minjar hafa ekki verið kortlagðar en hluti leiðarinnar er á sama stað og Kjalvegur vestari. Úr Svartárbugum er farið eftir moldargötum að Kjalhrauni og vegurinn beygir til norðurs yfir í Gránunes. Þar eru jafnframt gatnamót við Eyfirðingaveg. Þar er sæluhús en ekki er vitað hvenær það var byggt. Það má segja að nokkrar kynslóðir af minjum sé þarna að finna. Þarna var náttstaður sem kallaðist Í greni, það örnefni er líklega eldra en Gránunes, sem tengist dauða Reynifellsbræðra árið 1780. Nú er þarna nýtt hús, Gíslaskáli. Úr Svartárbugum er haldið í Kjalfellsver en þar er einnig sæluhús á hraunnefi, suðaustan við Kjalfell. Hann var notaður af leitarmönnum, eftirleitarmönnum og án efa þeim sem ferðuðust Kjalveg. Þak var á kofanum framundir miðja 20. öld og enn má sjá pallinn inni í tóftinni. Þaðan lá leiðin sunnan undir Kjalfelli, austan við það fjall



Þrískiptingin á Kili sem hér er notuð til hægðarauka, endar við Seyðisá samkvæmt herforingjaráðskortum. Þó var leiðin skráð lengra til norðurs. Við Seyðisá, í svokölluðum Biskupsáfangi, var skráð rétt alveg við leiðina. Nokkuð suðvestar er tóft af sæluhúsi við Beljanda og mögulega var farið beint þangað úr Þjófadöllum, í stað þess að sveigja til Hveravalla. © Landmælingar Íslands.


og út í hraunið líkt og vörður sýna. Hraunið er ógreiðfært og veglaust, það eru einungis mjóir slóðar í hrauninu. Það er stefnt vestan við Rjúpnafell að Dúfunesfelli og áfram að Seyðisá. Þar sameinast leiðirnar en vörðurnar voru skráðar að mörkum Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðarheiðar þar sem þær enda.¹⁰⁵



Sæluhús var skráð sunnan við Vékelsauga og liggja vörurnar alveg að því. Á þeim stað er leiðin sýnd í sveig örlítið vestar. © Landmælingar Íslands.

Kjalvegur eystri var rakin frá Mælifellsdal að norðan að Kjalfelli til suðurs, alls um 66 kílómetra langur kafli. Þar voru skráðar í heildina um 300 vörður auk tveggja tófta, fjárrétt var skráð í Biskupsáfangi og sæluhús nokkuð suðaustan við Vékelsauga. Víða sáust ummerki um reiðgötur þar sem gróður var að finna en á sendnum og grýttum svæðum voru þær óljósari. Við undirbúning kom í ljós að leiðin er vörðuð lengra til suðurs en sýnt er á herforingjaráðskortum og lýsingar eru til á tengivegum m.a. í Gránunesi og Hvítárnesi. Það er ljóst að leiðirnar yfir Kjöl eru flóknar og tengjast hver annarri órjúfanlegum böndum. Á þeim öllum eru sæluhús og áningarstaðir en ekkert er vitað um aldur á minjum, hvort ein leiðin sé eldri en önnur eða hvort þær hafi verið notaðar samtímis. Leiðin vestan Hvítárvatns hefur verið talin elst en það þarf ekki að vera. Við Kjalveg eystri eru t.d. örnefni sem getið er í fornum heimildum líkt og Grettishóll. Það bendir til þess að farið hafi verið um Kjalhraun þegar Grettis saga var rituð. Að auki urðu Reynistaðabræður úti þar um 1780, á svipuðum tíma og Kjalvegur vestan Hvítárvatns var í notkun, sé tekið mið af rituðum heimildum. Lítið er vitað um aldur minja á Kjalvegi vestari, þeirri leið sem er vinsælast að fara í dag né

105 Ögmundur Sigurðsson og Björn Ólafsson. 1929: 10-11; Arnór Karlsson. 2001: 43-45, 173



Á Þingmannahálsi komu Skagfirðingavegur og Kjölur saman. Við svokölluð Aðalmannsvötn klofnar leiðin, það eru tengivegir niður í dalina sem þar eru. Vörðurnar hætta nokkuð norðar á leiðinni að Mælifelli © Landmælingar Íslands.

tengsl við minjar tengdum fjárleitum.



Fjárrétt í Biskupsáfangi við Seyðisá.

5. Niðurstöður

Frá upphafi byggðar héraðs hafa leiðir manna legið um miðhálandið, það gegndi mikilvægu hlutverki sem stysta leið á milli landshluta. Helstu samgönguleiðir miðuðust af haglandi að öllum líkindum allt frá landnámsöld og hægt er að gera sér grein fyrir samgönguleiðum frá 13. öld með hliðsjón af heimildum. Fólk hefur ferðast um landið frá upphafi byggðar og án efa hafa margar af leiðunum týnst, landslag og gróðurfar hefur breyst, nýttar fallið niður og valdamiðstöðvar í einhverjum tilfellum færst til. Erfiðustu leiðirnar hafa eflaust alltaf verið fáfarnar og jafnvel týnst alveg. Sé tekið mið af tiltækum heimildum eru ástæður fjallferða fyrst og fremst pólitískar, tengdar fiskveiðum, kaupstöðum og leitum. Á 13. - 18. öld verða breytingar héraðs, m.a. af völdum kólnandi veðurfars og samgöngur um miðhálandið dragast líklega saman frá því sem áður var en leggjast þó aldrei af. Undir lok 18. aldar var talsverður áhugi á úrbótum í samgöngumálum og í kjölfarið var farið í átak í vörðuhleðslu, vegagerð og sæluhúsagerð. Fram undir miðja síðustu öld var einna helst reynt að finna þjóðsagnakenndar leiðir sem getið er í ritheimildum og á síðustu árum hafa framkvæmdir á miðhálandinu stýrt rannsóknum að stærstum hluta.

Rannsóknir á fornum ferðaleiðum og minjum þeim tengdum á miðhálandinu hafa ekki hlotið mikla athygli fræðimanna hingað til og af þeim sökum er brýnt að fara í slíkar rannsóknir. Það er einna helst í ferðabókum og ritum tengdri útivist sem fornar leiðir hafa hlotið athygli. Sem dæmi má nefna að helstu reiðleiðir um miðhálandið eru aðgengilegar

í kortasjá Landssambands hestamanna. Þær reiðleiðir eru þó ekki endilega á sama stað og eldri leiðir. Eins og gefur að skilja hafa leiðir breyst í tímans rás og áhrif mannsins eru mikil. Sauðfjárvarnargirðingar og vegagerð, fjallaskálar og aðgengi að þjónustu hefur haft sitt að segja sem og breytingar á landslagi. Í þessum ritum er oft einblínt á hvernig best er að ferðast í dag með tilliti til fjallaskála og aðgengis. Engu að síður er ómetanlegur fróðleikur sem þarna birtist oft á tíðum.

Fyrri markmið þessarar rannsóknar var að safna saman upplýsingum um 10 fornar ferðaleiðir á miðhálandinu, taka saman heimildir um þær, leggja mat á líklegt ástand þeirra og rannsóknarstöðu. Mikið er til af heimildum um þessar leiðir. Ákveðið var að einblína á þekktar minjar við leiðirnar og hafa þær til grundvallar fremur en þjóðsagnakenndar lýsingar og gaf það góða raun. Seinna markmiðið var skráning leiðanna stafrænt í landupplýsingakerfi. Hnitin sem safnað var í verkefninu *Minjar og menningarsögulegt gildi landslags á hálandi Íslands*, herforingjaráðskort danskra landmælingamanna, kort Daniel Bruun og ýmsar ritheimildir voru notuð til kortlagningar og greininga. Áreiðanleiki þessara kortagagna er með betra móti sem kom skemmtilega á óvart. Gerð var tilraun til flokkunar og lagður grunnur að bættri aðferðafræði við skráningu á samgöngumínum. Ekki var farið ítarlega í þá vinnu en niðurstöðurnar eru áhugaverðar og lofa góðu. Í stuttu máli má segja að þekktar og fjölfarnar leiðir eru flóknar, þær klofna víða, sameinast og frá þeim liggur fjöldi tengivega niður á láglendari svæði og byggð. Lítil hluti minja og leiðanna sjálfrá hafa hins vegar verið skráðar og er framkvæmdaslagsíðu rannsókna á miðhálandinu mögulega um að kenna, áherslur á þjóðsagnakenndar minjar sem og áhugaleysi fræðimanna. Ekki náðist að beita fjarkönnunaraðferðum í þetta sinn sem hefði verið einkar áhugavert og tilraunarinnar virði. Það bíður betri tíma.

Fjórar af leiðunum eru þjóðsagnakenndar, þ.e. Bárðargata, Sámsgata, Vatnajökulsvegur og leiðir yfir Vatnajökul, og ekki eru þekktar minjar sem bera þeim vitni. Sámsveg var ekki hægt að staðsetja en lega hinna leiðanna þriggja er öll byggð á tilgátum sem settar hafa verið fram í gegnum tíðina. Við leit að Vatnajökulsvegi urðu hins vegar til minjar, hér kallaðar minjar um landkönnun. Hinar leiðirnar sex, Kaldidalur, Kjölur, Skagfirðingavegur, Eyfirðingavegur, Sprengisandur og Biskupaleið voru fjölfarnar og líklega er mikill fjöldi af mínum við þær allar. Í heildina má segja að þessar leiðir hafi ekki verið skráðar nema að takmörkuðu leyti, fyrir utan Biskupaleið.

Samgöngumínar og rannsóknir á þeim geta gefið fjölmargar mikilvægar upplýsingar líkt og komið hefur fram í þessu verkefni. Grundvöllur allra rannsókna á fornum samgöngum er kortlagning þeirra og nærliggjandi minja sem er verulega ábótavant hérlandis. Það er tímafrekt en öðruvísi er ekki hægt að öðlast skilning á landinu, hvert var farið, af hverju og hvað hafði áhrif á leiðavalið. Einnig er áhugavert að skoða örnefni samhliða, þau eru hluti af fornu samgöngukerfi sem hjálpaði fólki til að rata og gefa góða innsýn hvert var farið fyrir á öldum. Óreiða er í skráningu og rannsóknum á samgöngum og mikið skortir á að mínjarnar og gögnin sem safnað er séu sett í samhengi og skoðuð heildrænt. Gögnin eru

flókin og líkt og komið hefur fram eru margvíslegar minjar sem tilheyra hverri leið. Með bættri aðferðafræði í skráningu, betri skilgreiningu á hugtökum, flokkun leiða og notkun landfræðilegs gagnagrunns væri t.d. hægt að tengja saman minjar sem geta tilheyrt fleiri en einni leið, líkt og vörðum á vegamótum, sæluhúsum sem voru einnig tengdar fjárleitum og ferjustaði. Einnig væri hægt að tengja samgönguminjar sem liggja þvert yfir landið saman. Eins væri það ákjósanlegt að rekja allar leiðir á vettvangi, eins og staða mála er núna er það óraunhæfur möguleiki.

Stöðu þekkingar á menningarminjum miðhálendisins er ábótavant og í þessu verkefni er sýnt fram á að fjölmörg rannsóknartækifæri eru til staðar. Hér verða nokkur lögð til, án þess að vera tæmandi listi eða raðað eftir mikilvægi:

1. Á síðustu árum hafa minjar sem eru ekki nærri þekktum ferðaleiðum eða öðrum minjum fundist á miðhálendinu fyrir tilviljun. Í Ódáðahrauni er m.a. hringlaga tóft um 5 km norðan við Biskupaleið, í Fagradal eru nokkrar fornar rústir og ummerki um leið hafa fundist sunnarlega í Ódáðahrauni svo einhver dæmi séu tekin. Hvaða minjar eru þetta? Hver eru tengslin við landslagið og nánasta umhverfi? Liggja leiðir að þeim eða eru fleiri minjar þar? Eru þetta vísbendingar um nytjasvæði? Með rannsóknum á þessum stöðum væri í fyrsta sinn verið að horfa á minjarnar sjálfar í stað þess að láta oftast en ekki óljósar ritheimildir ráða ferðinni. Þetta gæti gefið áhugaverðar niðurstöður.

2. Gerð spálíkans til þess að reyna að staðsetja líklega minjastaði. Fjarkönnunaraðferðir og landfræðileg upplýsingakerfi geta komið að góðum notum við skráningu á samgöngum og með aukinni tækni opnast nýir möguleikar. Einn þeirra er þróun aðferðar á skráningu á fornum leiðum á miðhálendinu og að nota til þess blandaða tækni. Gróin svæði væru könnuð úr lofti, valin úr svæði sem þyrfti að ganga skipulega og unnið úr gögnunum í landfræðilegum upplýsingakerfum. Hér er þó ekki verið að gera vægi vettvangsvinnu minna, það verður að fara á vettvang til að greina óljósar minjar, líkt og hella og óhlutbundna staði. Það gefur einnig auga leið að fjarkönnunaraðferðir gætu víða reynst illa. Með forvali á skráningarsvæðum væri mögulega hægt að kanna stærra svæði í heildina og horfa til gróinna svæða og minja þar. Með bættri aðferðafræði við skráningu, betri skilgreiningum á hugtökum og blandaðri skráningartækni yrðu rannsóknir á samgönguminjum mun einfaldari og skilvirkari en nú er.

3. Yfirferð eldri skráningargagna. Brúardalur og Jökuldalur voru rannsakaðir um 1980, m.a. voru staðir skráðir og gerðar minniháttar fornleifarannsóknir á þremur stöðum. Þessar rannsóknir hafa ekki verið mikið í umræðunni á síðustu árum, þrátt fyrir að þarna séu einhverjar elstu minjar um nýtingu miðhálendisins, m.a. til veiða. Minjarnar hafa ekki verið hnitsettar nema með fáum undantekningum og ljóst að mikill fengur væri í því að þessi gögn væru uppfærð. Það væri verðugt verkefni að fara yfir þessar rannsóknir, mæla

minjarnar upp og gera ítarlegri rannsóknir. Annað áhugavert verkefni snýr að endurskoðun eldri skráningargagna á svæðum sem hafa verið mikið í umræðu vegna virkjanakosta, Rammaáætlunar og friðlýsinga. Þjórsárver eru eitt besta dæmið og ljóst að sú skráning sem þar var gerð þar árið 1999 uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru í dag.

4. Stór hluti miðhálandisins flokkast undir afrétti. Ferðir manna um slík svæði í leitum hafa ekki verið kortlagðar þótt víða séu til mjög ítarlegar upplýsingar um fyrirkomulag smölunar, sérstaklega á 19. öld. Til að skilja afrétti til hlítar, greina tengsl milli minjastaða og samspil fólks og landslags væri tilvalið að fara yfir slíkar lýsingar (helst í ritsafninu *Göngum og réttum*) og kortleggja í landfræðilegum gagnagrunni. Slík rannsókn myndi auka skilning okkar á sambandi manns og landslags og sennilega vísa á áður óþekkta minjastaði við vettvangskönnun.

Heimildir

Aldred, Oscar o.fl. 2007. *Forn garðlög í Suður-Dingeyjarsýslu / A system of earthworks in S-Dingeyjarsýsla*. FS349-04263. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Andrés Arnalds. 1988. „Landgæði á Íslandi fyrr og nú”. *Græðum Ísland. Landgræðsla 1907-1987*. Reykjavík: Landgræðsla ríkisins: 13-32.

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. 2010. „Áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist.“ *Náttúrufræðingurinn* 2010. 80. árg, 3-4. tbl., bls. 103-118.

Anna Dóra Sæþórsdóttir. 2012. „Hálendið í hugum ferðalanga. Félagsleg smíð ferðalanga.“ *Þjóðarspejillinn 2012. Rannsóknir í félagsvísindum XIII*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2012. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson. 2001. *Kjölur og kjalverðir. Árbók Ferðafélags Íslands 2001*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Ágúst Böðvarsson. 1996. *Landmælingar og kortagerð Dana á Íslandi*. Reykjavík: Landmælingar Íslands.

Ágústa Edwald. 2004. Gömlum götum má aldrei gleyma: leiðir í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu á 19. öld. B.A. ritgerð í fornleifafræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson. 2005. *Fornleifaskráning í Hvítársíðubreppi*. FS283-04161. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Árni Björnsson. 2001. „Beinakerling á Sprengisandi.“ *Morgunblaðið*. 3. mars 2001.

Árni Magnússon. 1955. *Chorographica Islandica. Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta*. I.2. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1990. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Fylgiskjöl*. 13. bindi. Reykjavík: Hið íslenska fræðafélag Kaupmannahöfn.

Birna Lárusdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grímsnesi III: Fornleifar á jörðum í austurhluta Grímsness auk afreittar*. FS164-99063. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2011. *Mannvist. Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Reykjavík: Opna.

Birna Lárusdóttir, Edda R.H. Waage. Gísli Pálsson og Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. 2016. *Gildi landslags: Fagurferði, menningarminjar og saga. Forrannsóknir til greiningar og mats á gildi landslags, unnar fyrir faghóp I, 3. áfanga Rammaáætlunar*. Reykjavík: Háskóli Íslands og Rammaáætlun.

Birna Lárusdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2019. *Minjar og menningarsögulegt gildi landslags á hálendi Íslands*. FS736-16171. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar og Rammaáætlun.

„Biskupa-annálar Jóns Egilssonar.“ 1856. *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*. I. bindi. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Bjarni F. Einarsson. 1999. *Fornleifaskráning í Þjórásarverum. Skráning vegna mats á umhverfisáhrifum*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2001. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Sultártangalínu* 3. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Björn Bergmann. 1966. „Á Skagfirðingavegi.“ *Húnavaka*. 1. árg, 6. tbl, bls. 53-60.

Björn Jónsson. 1970. „Hvenær lokaðist leiðin norður?“ [Afrít af bréfi Björns Jónssonar 2. apríl 1844 um afréttarland fyrir norðan vötn]. *Saga, tímarit Sögufélags Íslands VIII*. Reykjavík: Sögufélag Íslands, bls. 264-267.

Bragi Sigurjónsson. 1985. *Göngur og réttir III. Hnappadalssýsla – Húnavatnsýsla*. Akureyri: Bókaútgáfan Skjaldborg.

Brennu-Njáls saga. Íslensk fornrit XII. 1954. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Bruun, Daniel. 1898. “Nokkurrar eyðibygðir...” *Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1898*. Fylgirit. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Brynjúlfur Jónsson. 1896. “Rannsóknir byggðaleifa upp frá Hrunamannahreppi sumarið 1895. 3. kafli. Á Biskupstungnaafrétti.” *Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1896*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-13.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn* I-XV (1853-1976). Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Droplangarsona saga. 1968. Íslendingasögur X. Guðni Jónsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

Dugmore, A. J., Church, M. J., Mairs, K. A., McGovern, T. H., Perdikaris, S. og Orri Vésteinsson. 2007. „Abandoned Farms, Volcanic Impacts, and Woodland Management: Revisiting Þjorsárdalur, the “Pompeii of Iceland.” *Arctic Anthropology*. 44: 1-11.

Dönsku herforingjaráðskortin 1:50000. Herforingjaráðskort nr. 68. Landsbókasafn Íslands. Skoðað 18.05.2019. Sótt af: <http://islandskort.is/is/category/list/29;jsessionid=B2D14A0F7F062E1A3A095F9952041E87>

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson. 1943. *Ferðabók Eggert Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. 1.-2. bindi. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Egill Erlendsson og Kevin J. Edwards. 2010. „Gróðurfarsbreytingar á Íslandi við landnám.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2010*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag: 29-56.

Einar E. Sæmundssen. 1950a. „Fjallvegamálar Íslendinga. – Sprengisandsleið. *Hrakningar og heiðarvegir*. I. bindi. Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar, bls. 11-74.

Einar E. Sæmundssen. 1950b. „Fjallvegamálar Íslendinga. – Enn um Sprengisand og leiðir austan hans.“ *Hrakningar og heiðarvegir*. II. bindi. Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar, bls. 223-299.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson. Án ártals. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XI: Fornleifar í Saurbæjarhreppi sunnan Djúpadalsár og vestan Eyjafjarðarár*. FS067-94017. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2015. *Samantekt um vettvangsskráðar fornleifar vegna Hrafnabjargavirkjunar (A, B og C) og Fljótshnjúkavirkjunar við Skjálfafljót*. FS578-15161.

Friðrik Björnsson. 1953. *Bláskógaheiði*. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Friðrik G. Olgeirsson. 2007. *Sáðmenn sandanna: Saga landgræðslu á Íslandi 1907-2007*.

Reykjavík: Landgræðsla ríkisins.

Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas. 2005. *Rannsókn á sjö fornleifum sem fara undir Háslón við Kárahnjúka*. FS296-00065. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Gísli Gestsson. 1956. *Árnessýsla milli Hvítár og Þjórsár. Árbók Ferðafélags Íslands 1956*. Reykjavík. Ferðafélag Íslands.

Gísli Oddsson. 1942. *Undur Íslands*. Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson.

Gísli Pálsson. 2018. *Fyrirbugaður rafstrengur yfir Kjöl: úttekt á fornminjum vegna deiliskipulags*. FS702-18331. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins. 1992. Gunnar Karlsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning.

Grettis saga. 1996. Örnólfur Thorsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning.

Guðmundur Jósafatsson. 1988: „Skagfirðingavegur um Stórasand.“ *Vörður á vegi. Árbók Ferðafélags Íslands 1988*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands, bls. 9-25.

Guðmundur Páll Ólafsson. 2000. *Hálendið í náttúru Íslands*. 3. prentun. Reykjavík: Mál og menning.

Guðný Zoëga. 2002. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hveravöllum. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 9*. Glaumbær: Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðrún Ása Grímsdóttir. 1998. *Biskupsögur III. Árna saga biskups og Lárentíus saga biskups*. Íslensk fornrit XVII. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Guðrún Ása Grímsdóttir. 2006. *Saga biskupsstólanna*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.

Guðrún Helga Jónsdóttir. 2016. *Þjóðleiðir við klaustrin á kaþólskum tíma-hvað geta leiðir sagt um stöðu miðaldaklaustranna í samfélaginu?* B.A. ritgerð í fornleifafræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Gunnar Karlsson. 2009. *Lífsbjörg Íslendinga frá 10. öld til 16. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hallgrímur Jónasson. 1967. *Á Sprengisandi. Árbók Ferðafélags Íslands 1967*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Haraldur Matthíasson. 1961. *Árnessýsla: Grímsnes og Biskupstungur. Árbók Ferðafélags Íslands 1961*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Haraldur Matthíasson. 1963. *Bárðargata. Árbók Ferðafélags Íslands 1963*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Haraldur Matthíasson. 1988. „Fjallvegaferðir á Sturlungaöld.“ *Vörður á vegi. Árbók Ferðafélags Íslands 1988*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands, bls.63-82.

Helgi Hallgrímsson. 2011. „Ádrepa um vörður og vörðuhleðslu á Héraði.“ *Glettingur* 57. 21. árg., 3 tbl. Egilsstaðir: Útgáfufélag Glettings, bls. 28-35.

Helgi Sigurðsson. 1886. „Örnefni, einkum í sögu Bjarnar Hítðalakappa.“ *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju. II. bindi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélagi, bls. 308-318.

Helgi Þorláksson. 1989. *Gamlar götur og goðavald. Um fornar leiðir og völd Oddverja í Rangárfingi*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Íslands.

Henderson, Ebeneser. 1957. *Ferðabók. Frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814 og 1815 með vetursetu í Reykjavík*. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson & co.

Hjalti Hugason. 2000. *Kristni á Íslandi I. Frumkristni og upphaf kirkju*. Reykjavík: Alþingi.

Hjörleifur Guttormsson. 1987. *Árbók Ferðafélags Íslands 1987. Norð-austurland. Hálendi og eyðibýggðir*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Hjörleifur Guttormsson. 2011. „Grímsvötn, Vatnajökull og Klfajökull.“ *Fjöruskeljar. Afmælisrit til heiðurs Jónínu Hafsteinsdóttur sjötugri 29. mars 2011*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, bls. 117-130.

Hrafnkels saga Freysgoða. 1971. Íslensk úrvalsrit 1. Óskar Halldórsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Bókaútgáfan Skálholt hf.

Indriði G. Þorsteinsson. 1958. „Vörður á Kjalvegi.“ *Eimreiðin*, 64. árg., 3-4. hefti, bls.

241-251.

Ingvar Teitsson. 2005. *Biskupaleið yfir Ódáðahraun*. Reykjavík: Ferðafélags Íslands.

Ísland. 1939. Höfundur kortsins er Daniel Bruun. Skoðað 27.12.2019 af <https://islandskort.is/is/map/show/1139>

Ísleif menningarsögulegt gagnasafn. 2019. Fornleifastofnun Íslands.

Jón Árni Friðjónsson. 2005. „Af beislarbátum og unnarjóum. Járning hesta og samgöngubylting á miðöldum.“ *Saga XLII: 1*. Reykjavík: Hið íslenska sögufélag, bls. 43-80.

Jón Halldórsson. 1903. *Biskupasögur Jóns prófasts Halldórssonar í Hítardal. Með viðbæti. I. bindi. Skálholtsbiskupar 1540-1801*. Sögurit II. Reykjavík: Sögufélag.

Jón R. Hjálmarsson. 1995. „Vörður og varðaðar leiðir.“ *Lesbók Morgunblaðsins*. 12. ágúst 1995, bls. 6-7.

Jón Jónsson. 1990. „Tólfahringur og Leiðólfsfell.“ Árbók hins íslenska fornleifafélags 1989. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 121-132.

Jón Gauti Jónsson. 1980. „Ódáðahraunsvegur hinn forni.“ Árbók hins íslenska fornleifafélags 1979. Reykjavík: Hið íslenska Fornleifafélag, bls. 129-147.

Jónsbók: Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281. Réttarbætr : De for Island givne Retterbøder af 1294, 1305 og 1314 og Réttarbætr, de for Island givne retterbøder af 1294, 1305, 1314.1904. Ólafur Halldórsson sá um útgáfuna. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Kristborg Þórsdóttir. 2008. *Fornar leiðir á Íslandi: tillaga að skilgreiningu, flokkun og skráningu*. M.A. ritgerð í fornleifafræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Kristborg Þórsdóttir. 2011. „Fornar leiðir á Íslandi. Tillaga að skilgreiningu, flokkun og skráningu.“ *Ólafía IV. Sex meistarastýkki*. Reykjavík: Fornleifafræðingafélag Íslands, bls. 34-58.

Landnámabók (Íslensk fornrit 1). 1968. Reykjavík: Jakob Benediktsson gaf út.

Landsamband hestamanna. 2019. *Kortasjá*. Sótt þann 27. 12. 2019 af: <http://map.is/lh/>

Landsskipulagsstefna. 2016. Sótt þann 02.12.2019 af http://www.landsskipulag.is/media/pdf-skjol/Landsskipulagsstefna2015-2026_asamt_greinargerð.pdf

Ljósvefninga saga (Íslensk fornrit X). 1940. Björn Sigfússon sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Lovsamling for Island 4. 1854. Kaupmannahöfn: Høst og søn.

Magnús Jónsson. 1940. „Smávegis um Jón biskup Vídalín.“ *Lesbók Morgunblaðsins*. 50. tbl., bls. 396-403.

Margrét Hallsdóttir. 1987. *Pollen Analytical Studies of Human Influence on Vegetation in Relation to the Landnam Tephra Layer in Southwestern Iceland*. PhD. ritgerð. Lund: Lund University.

Minjastofnun Íslands. 2019. *Minjavefsjá*. Sótt þann 27.12.2019 af <https://www.map.is/minjastofnun/>

Nørlund, Niels Erik. 1994. *Íslands kortlægning: En historisk fremstilling*. Kaupmannahöfn: Munksgaard.

Oddur Einarsson. 1971. *Íslandslýsing*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Orri Vésteinsson. 1996. *Menningarminjar á miðhálandi Íslands*. FS019-95042. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Orri Vésteinsson. 2004. *Krókdalur. Fornleifaskráning 2004*. FS258-04191. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Orri Vésteinsson. 2005. *Archaeological investigations in Krókdalur 2005*. FS387-04192. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Orri Vésteinsson. *Fornleifar fremst á Bárðardal vestanmegin*. FS630-04193. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ólafur Arnalds o.fl. 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Gunnarsholt: Landgræðsla ríkisins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.

- Ólafur Jónsson. 1945. Ódádahraun I-II. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.
- Páll Pálsson. 2006. „Þúsund ára skipulag.“ *Glettingur* 43. 16. árg., 3. tbl. Egilsstaðir: Útgáfufélag Glettings, bls. 23-30.
- Páll Sigurðsson. 1994. *Fjallvegafélagið*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Pálmi Hannesson. 1950. „Á Brúaröræfum.“ *Hrakningar og heiðarvegir*. II. bindi. Akureyri: Prentverk Odds Björnssonar, bls. 22-62.
- Ragnar Edvardsson. 2005. *Fornleifakönnun vegna vegaframkvæmda á Uxabryggjaleið. Viðauki um leið 2b*. Bolungarvík: Náttúrufræðistofa Vestfjarða.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Í vinnslu. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi II*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Rúna K. Tetzschner. 2006. *Nytjar í nöfnum. Örnefni í nágrenni Hóla í Hjaltadal*. Rit Hólarannsóknarinnar. Reykjavík: Hólarannsóknin og Örnefnastofnun Íslands.
- Sigmundur Einarsson og Þorleifur Eiríksson. 2016. *Um ábrif virkjana á náttúru og menningarmínjar*. Reykjavík: Náttúruminjasafn Íslands, Rammaáætlun og RORUM.
- Sigurður Kristinsson. 1985. „Lítill samantekt um Vatnajökulsleið.“ *Múlaping* 14. bls. 34-53.
- Sigurður Pálsson. 1884. „Lýsing á Kjalvegi.“ Þjóðólfur. 42. tbl., 42. árg, bls. 165-166.
- Sigurður Sigmundsson. 2006. „Endurhlóðu yfir 400 vörður á Sprengisandsvegi hinum forna.“ *Morgunblaðið*. 21. nóvember. Sótt 26.12.2019. Slóðin er: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1115419/>
- Sigurður Þórarinsson. 1946a. „Í veldi Vatnajökuls: Leiðir yfir Vatnajökul.“ *Lesbók Morgunblaðsins*. 33. tbl.; 20.10. 1946, bls. 397-401.
- Sigurður Þórarinsson. 1946b. „Í veldi Vatnajökuls: Verstöðvar Norðlendinga í Austur Skaftafellssýslu.“ *Lesbók Morgunblaðsins*. 34. tbl.; 27.10. 1946, bls. 412-417.
- Sigurður Þórarinsson. 1966. „The Age of the Maximum Postglacial Advance of Hagafellsjökull eystri. A Tephrochronological Study.“ *Jökull*. 16. tbl.; bls. 207-210.

Skráningarstaðlar fornleifa. 2013. Minjastofnun Íslands. Skoðað 10.112.2019. Sótt af: http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Skúli Helgason. 1959. *Saga Kolviðarhóls*. Selfoss: Prentsmiðja Suðurlands.

Sólborg Una Pálsdóttir. 2008. *Vonarskarð og Hágöngur. Úttekt á fornleifum*. 2008:11. Reykjavík: Rammaáætlun og Fornleifavernd ríkisins.

Sólveig G. Beck o.fl. 2009. *Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006-2008*. I.-II. bindi. FS417-06011. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Steinunn Kristjánsdóttir og Gísli Kristjánsson. 2010: „Skreiðin á Skriðu.“ *Saga 48*. Reykjavík: Sögufélag, bls. 94-108.

Sturlunga saga. 1946. I.-II. bindi. Reykjavík: Sturlungaútgáfan.

Sturlunga. 1988. Örnólfur Thorsson ritstjóri. I. - II. bindi. Reykjavík: Svart á Hvítu.

Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. Árnessýsla. 1979. Svavar Sigmundsson ritstjóri. Reykjavík: Sögufélag.

Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. 2005. Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands.

Sveinn Pálsson. 1929. „Æfisaga Sveins læknis Pálssonar eftir sjálfan hann.“ *Ársrit hins íslenska fræðafélags í Kaupmannahöfn* 10. árg. Kaupmannahöfn: S.L. Möller, bls. 1-56.

Sveinn Pálsson. 1945. *Ferðabók Sveins Pálssonar. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797*. Reykjavík: Snælandsútgáfan.

Tryggvi Már Ingvarsson. 2001. *Leiðir tveggja alda í nágrenni Reykholts í Borgarfirði*. B.A. ritgerð í landafræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Vera Roth. 2018. *Fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu um aldamótin 1900*. Selfoss: Bókaútgáfan Sæmundur.

Þorkell Jóhannesson. 1934. „Sagnir úr Skaftafellssýslu.“ *Dvöl*. 1 árg., 24. tbl., bls. 15-16.

Þorleifur Einarsson. 1962. „Vitnisburður frjógreiningar um gróður, veðurfar og landnám á Íslandi.” *Saga: Tímarit sögufélagsins*. 24. tbl., bls. 442-469.

Þorvaldur Thoroddsen. 1958. *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898*. I.- bindi. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson og co hf.

Þór Hjaltalín. 2008. *Hveravellir og Kerlingarfjöll. Fornleifaskráning. 2008:5*. Reykjavík: Rammaáætlun og Fornleifavernd ríkisins.

Þór Magnússon. 1980. „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1978.“ Árbók hins íslenska fornleifafélags 1979. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 189-203.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir. 1988. „Þjórsárver.“ *Vörður á vegi. Árbók Ferðafélags Íslands 1988*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands, bls. 83-115.

Örnefnaskrá-Helludalur: athugasemdir. 1975. Tómas Tómasson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Ögmundur Sigurðsson og Björn Ólafsson. 1929. *Árbók Ferðafélags Íslands 1929*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

